



SKOÐUN Gouda-ostur er lostæti enda jafn útlenskur og hæg breytileg átt, skrifar Guðmundur Andri. **13**



MENNING Ásdís Líska Karlsdóttir gæti keppt í feegurðarsamkeppninni Ungfrú heimi fyrir Filippseyjar. **22**



SPORT Manchester-liðin höfðu betur í stórleikjum gær dagsins í enska boltanum. **30**

RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MED ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki
www.ht.is
SUÐURLANDSBRÁUT 26 - Sími 569 1500

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

14. janúar 2013
11. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Líf á hlutabréfamarkaði

Íslenska hlutabréfavísitalan hefur hækkað um 7,3% frá áramótum. Hlutabréfasjóðir hafa bólgnað út að undanförunu. Lífeyrissjóðir eru atkvæðamiklir á hlutabréfamarkaði. **2**

Selja para til þriggja landa Íslensk bláskel þróar vörulínu úr para og hefur hafið tilraunaútlutning í smáum stíl. **4**

Viðræður ESB og Bandaríkjanna Írar ætla að nýta tíma sinn í forsæti ESB til að ljúka gerð frívverslunar-samnings við Bandaríkin, Kanada, Japan og Indland. **6**

Bardagar harðna í Málí Franski herinn býr sig undir langvarandi átök í Málí. **8**



Bolungarvík	-4°	ASA	5
Akureyri	-4°	N	3
Egilsstaðir	-4°	NNV	6
Kirkjubæjarkl.	-2°	NA	4
Reykjavík	-2°	A	6

Svalt í veðri Í dag má búast við norð- og austlægum áttum, 3-8 m/s en hvassara á annesjum NA-tíl. Úrkomulíðið og bjart á suðurhalmingi landsins en stöku él N- og NA-lands. **4**

2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



Hægir á viðræðum við ESB

Ríkisstjórnin fundar í dag um fyrirkomulag aðildarviðræðna við ESB. Hægt verður á viðræðunum fram yfir kosningar og þeim haldið í lágmarki. Áramótakveðja Steingríms J. Sigfússonar, formanns VG, olli titringi.

STJÓRNMÁL Ríkisstjórnin hittist á aukafundi í dag þar sem rætt verður um fyrirkomulag aðildarviðræðna við Evrópusambandið (ESB) fram yfir kosningar. Fundað hefur verið um málið á milli ráðherra og í þingflokki stjórnarflokkanna. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður lagt til að hægja á viðræðunum fram yfir kosningar. Aðeins verði viðhaldið lágmarksstarfsemi; gagnaöflun og skiptum á upplýsingum. Ákvörðun um áframhald viðræðnanna og fyrirkomulag þeirra verði verkefni nýrrar ríkisstjórnar.


Áramótaávarp Steingríms J. Sigfússonar, formanns Vinstri grænna, á vef flokksins hefur vakið titring hjá Samfylkingunni. „Óumflýjanlegt er að endurmeta nú stöðu viðræðna við Evrópu-

sambandið í ljósi breyttra forsendna og búa um það mál með ábyrgum hætti,“ sagði Steingrímur þar og bætti því við að vilji þjóðarinnar yrði að varða veginn, þar sem ekki tækist að leggja samning í þjóðaratkvæði á kjörtímabilinu. „Að ákveða hvernig verður búið um málið til næstu mánuða og missera og hvenær og hvernig verður leitað leiðsagnar frá þjóðinni í þeim efnum er verkefni næstu vikna.“

Þessi orð urðu tilefni fundarhalds Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra með ýmsum forystumönnum flokkanna; formanni og varaformanni Vinstri grænna sem og innanríkisráðherra og varaformanni Samfylkingarinnar og utanríkisráðherra. Þá hafa þingflokkar stjórnarflokkanna fundað um málið. Heimildir Fréttablaðsins herma

Evrópusambandsferlið í hnotskurn

16. júlí 2009 Alþingi samþykkir að fela ríkisstjórninni að leggja inn umsókn um aðild að ESB.
23. júlí 2009 Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra afhendir umsókn Íslands um aðild að ESB.
27. júní 2010 Aðildarviðræður hefjast formlega.
27. júní 2011 Efnislegar samningaviðræður hefjast.



að Samfylkingin hafi óttast að með þessu væri Steingrímur að boða stuðning við það að hlé yrði gert á aðildarviðræðum og það sett í þjóðaratkvæði hvort þeim yrði haldið áfram. Samfylkingin kom þeim skilaðum á framfæri að það jafngilti

stjórnarslitum. Nú á að reyna að koma ESB-málum fyrir þannig að þau þvælist ekki fyrir samstarfi flokkanna fram að kosningum. Reikna má með því að ESB-málin verði fyrirferðarmikil á landsfundum beggja flokkanna, sem verða í febrúar. - kóp



VEL STUDDIR Stuðningsmenn Íslands láta vel í sér heyrta í stúkunnari í Sevilla þegar strákarnir okkar eru að spila á HM í handbolta. Eftir tap gegn Rússum á laugardag tóku stuðningsmennirnir gleði sína á ný við stórsigur á Síle. MYND/VILHELM

HM í handbolta á Spáni: Strákarnir á réttan kjöl

HANDBOLTI Ísland vann sinn fyrsta sigur á HM í handbolta í gær er strákarnir okkar unnu stórsigur á Síle, 38-22. Þar með kvittuðu þeir fyrir svekkjandi fimm marka tap gegn Rússlandi á laugardag.

„Það var margt jákvætt hjá okkur í þessum leik,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson eftir sigurinn í gær. „Margir fengu að spreyta sig og við náðum að hrista Rússaleikinn af okkur.“

Arnór Þór Gunnarsson fékk óvænt tækifæri í byrjunarliði Íslands í gær og var markahæstur með sjö mörk. Róbert Gunnarsson missti þó af leiknum vegna meiðsla.

Næsti andstæðingur Íslands verður Makedónía, en liðin eigast við klukkan 17.00 á morgun. Makedónar hafa unnið báða leiki sína til þessa á mótinu – gegn Síle og Katar.

- esá, seth / sjá síðu 14

Töluverð andstaða við aukin réttindi samkynhneigðra í Frakklandi:

Hundruð þúsunda mótmæla

FRAKKLAND, AP Hundruð þúsunda manna komu saman við Eiffel-turninn í París í gær til að mótmæla áformum landstjórnarinnar um að tryggja samkynhneigðum rétt til að ganga í hjónaband.

Þessum nýju réttindum myndi fylgja réttur samkynhneigðra para til þess að ættleiða og ala upp börn.

Samkvæmt skoðanakönnunum styður yfirgnæfandi meirihluti Frakka aukin réttindi samkynhneigðra en sá stuðningur minnkar nokkuð þegar kemur að ættleiðingum og barneignum samkynja para.

Andstaðan er hörðust í strjálri byggðum landsins. Sumir tala um að með lögnum verði gerðar það róttækar breytingar á siðmenningunni að ekki verði við unad: „Við höfum ekkert á móti því að lífshættir fólks séu mismunandi en við teljum að barn verði að alast upp hjá föður og móður,“ segir Philippe Javaloyes, bókmenntafræðikennari frá héraðinu Franche Comte í austurhluta Frakklands.



MÓTMÆLENDUR Í PARÍS Alls er talið að á fjórða hundruð þúsund manns hafi tekið þátt. NORDICPHOTOS/AFP

Lögreglan í París telur að allt að 340 þúsund manns hafi tekið þátt í mótmælunum, sem eru þá með fjölmennustu mótmælafundum landsins frá stúdentamótmælunum árið 1984. - gb

Við flytjum þér góðar fréttir

Póstdreifing

Sími 585 8300 | www.postdreifing.is

Fiskislóð 39

Opið alla virka daga

kl. **10–18**

og laugardaga kl. 11–15

FORLAGIÐ

BÓKABÚÐ
FORLAGSINS

SPURNING DAGSINS



Bjarni, sagði tölvan nei?

„Já. Computer says no. Við notum teninga næst.“

Bjarni Júlíusson, tölunarfræðingur og formaður Stangaveiðifélags Reykjavíkur, bjó til forrit til að draga úr umsókn um morgunvaktir í Elliðaám í sumar. Hann sótti sjálfur um leyfi en fékk ekki.

Dani segist hafa njósnað fyrir bandaríska, breska og danska ríkið:

Var innanbúðar í Al Kaída

DANMÖRK, AP „Ég er ánægður með að hafa getað bjargað mannlífum en ég þarf greinilega að gjalda fyrir það núna,“ segir Morten Storm, 37 ára gamall Dani sem segist hafa njósnað í sex ár um hryðjuverkamenn í samtökunum Al Kaída.

Síðastliðið haust skýrði hann frá sögu sinni í fjölmiðlum og hefur nú einnig gefið út bók, sem kemur út í Danmörku í dag. Hvorki danskar, bandarískar né breskar leyniþjónustustofnanir hafa þó viljað staðfesta frásagnir hans.

Storm var meðlimur í vélhjól-

gengi í Danmörku þegar hann snerist til Islamstrúar, þá aðeins nítján ára gamall. Hann hélt til Jemens að læra um Kóraninn og var kominn á fremsta hlunn með að ganga til liðs við hryðjuverkasamtök þegar honum snerist hugur og gerðist njósnari.

Hann gefur lítið fyrir efasemdaraddir sem segja sögu hans ótrúverðuga og spyr á móti hvers vegna leyniþjónustustofnanirnar hafi hvorki viljað neita né staðfesta: „Stundum eru upplýsingar í þögninni.“

-gb



MORTEN STORM Gefur lítið fyrir efasemdaraddir sem segja sögu hans ótrúverðuga.

NORDICPHOTOS/AFP

Áfrýjunarréttur úrskurðar:

Réttað aftur yfir Mubarak

EGYPTALAND, AP Áfrýjunarréttur í Kairó felldi í gær úr gildi dóm yfir Hosni Mubarak, fyrrverandi forseta, og mælti svo fyrir að efna þyrfti til annarra réttarhalda.

Mubarak, sem er 84 ára og heilsuveill, var á síðasta ári dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir að hafa ekki komið í veg fyrir að hundruð mótmælenda létu lífið í uppreisninni gegn honum árið 2011.

-gb



Á SKÍÐUM SKEMMTI ÉG MÉR Rúmlega fimm þúsund manns nutu lífsins við frábærar aðstæður í Bláfjöllum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Fyrirtaksaðstæður og veðurblíða á skíðasvæðunum:

5.000 manns í Bláfjöllum í gær

FRÍSTUNDIR Fjölmenni var í Bláfjöllum í gær, þar sem bæði veður og færri voru með besta móti.

Magnús Árnason, framkvæmdastjóri Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins, sagði í samtali við Fréttablaðið að framan af degi hefði gengið á með eljum en upp úr klukkan tvö hefði brostið á með blíðu. Rúmlega fimm þúsund manns lögðu leið sína á skíðasvæðið.

„Færið var æðislegt. Nýfallinn snjó ofan á troðnu, sem hentar öllum, bæði fólki á brettum og skíðum.“

Magnús segir mikið standa til um næstu helgi, þar sem á sunnudaginn verði frír aðgangur fyrir yngri kynslóðina og margs konar uppákomur og námskeið til að kynna skíða- og brettaíþróttir fyrir áhugasömum. -þj

Vistaskipti í boltanum:

Eiður Smári til Club Brugge

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er genginn til liðs við belgíska úrvalsdeildarfélagið Club Brugge.

Þetta staðfesti félagið á heimasíðu sinni í gærkvöldi.

Eiður Smári kemur frá grannliðinu Cercle Brugge eftir stutta dvöl þar en hann samdi til Club til loka tímabilsins 2014.

Eiður Smári hefur skorað sex mörk í þrettán leikjum fyrir Cercle.

Talið er að Club hafi greitt Cercle 50-85 milljónir króna fyrir hann.

Líður að þingkosningum:

Gengið frá 4 framboðslistum

STJÓRN MÁL Samfylking gekk frá uppstillingu á þrjá framboðslista um helgina og Framsóknarflokkurinn á einn.

Í Suðurkjördæmi leiðir Sigurður Ingi Jóhannsson lista Framsóknar, í öðru er Silja Dögg Gunnarsdóttir og Páll Jóhann Pálsson í því þriðja.

Eins og fyrir lá leiða Össur Skarphéðinsson og Sigríður Ingiþjörg Ingadóttir lista Samfylkingar í Reykjavíkurkjördæmum og Guðbjartur Hannesson leiðir í Norðvesturkjördæmi og Ólína Þorvarðardóttir er í öðru sæti. -þj

Hlutabréfamarkaður að vakna til lífsins

Íslenska hlutabréfavisitalan hefur hækkað um 7,3% frá áramótum á æsilegustu tveimur vikum á hlutabréfamarkaði frá bankahruni. Hlutabréfasjóðir hafa bólgnað út undanfarið og þá hafa lífeyrissjóðir aukið eign sína í hlutabréfum nokkuð.

VIÐSKIPTI Áhugi á íslenska hlutabréfamarkaðnum er farinn að glæðast verulega á ný eftir tíðindalítil ár. Fyrstu tvær vikur ársins 2013 voru þær æsilegustu á markaðnum frá bankahruni.

„Hlutabréf hafa hækkað mikið á skömmum tíma. Ég held að það sé líkur á því að ekki sé innistæða fyrir þessum hækkunum hjá öllum félögum. Annars finnst mér líklegt að fjárfestar muni endurmeta stöðuna þegar uppgjörin koma, þá spyrja menn sig gjarnan hvort upphæðirnar séu eðlilegar út frá rekstrarniðurstöðu. En það er ansi mikið kapp núna,“ segir Sigbór Jónsson, framkvæmdastjóri Landsbréfa, dótturfélags Landsbankans.


Á fyrstu átta viðskiptadögum ársins var meðaldagvelta með hlutabréf fimmföld á við meðaltal ársins 2012. Þá hefur úrvalsvísitalan OMXI6 hækkað um 7,29% en til samanburðar hækkaði hún um 16,37% allt árið í fyrra, sem var hið besta frá bankahruni.

Þrjú ný félög; Reginn, Eimskip og Vodafone, voru skráð í Kauphöllina á síðasta ári, en þau fylgdu í kjölfar Haga, sem urðu í desember 2011 fyrsta félagið til að vera skráð á markað eftir bankahruni.

Fjölgun fjárfestingarkosta er undantekningalaust nefnd sem ein skýringa aukins áhuga á hlutabréfum, en markaðsvirði þessara fjögurra félaga er 100 milljarðar króna, sem er tæpur þriðjungur virðis allra félaga Kauphallarinnar.

Til marks um aukinn áhuga á hlutabréfum hafa sjóðir sem fjárfesta í innlendum hlutabréfum bólgnað út undanfarið. Þá hafa lífeyrissjóðir aukið hlutfall hluta-

Íslenski hlutabréfamarkaðurinn 2012 til 2013



bréfa af eignasafni sínu nokkuð.

Stærsti opni hlutabréfasjóður landsins er sjóðurinn ÍS-15 sem Stefnir, dótturfélag Arion banka, heldur úti. Sá sjóður hefur rúmlega fjórfaldast frá árslokum 2011 og er nú 14,7 milljarðar að stærð. Þar af hefur sjóðurinn stækkað um 4,2 milljarða frá áramótum.

Á sama tímabili hefur næststærsti hlutabréfasjóðurinn, Úrvalsbréf sem Landsbréf heldur úti, rúmlega tvöfaldast og sjóðurinn Öndvegisbréf sem Landsbankinn stofnaði í desember er þegar orðinn 1,3 milljarðar. „Það er töluvert innflæði til okkar þótt

ávöxtun spili líka inn í stækkun sjóðanna. Fjárfestar eru að færa sig úr öðrum eignaflokkum í hlutabréf þannig að ákveðin eignatílfærsla er að eiga sér stað,“ segir Sigbór.

Tvö sjóðastýringarfyrirtæki, Íslensk verðbréf og Júpiter, fóru af stað með nýja hlutabréfasjóði á árinu 2012. Loks hafa lífeyrissjóðirnir aukið verulega eign sína í hlutabréfum. Jókst hún um sjötíu milljarða á fyrstu ellefu mánuðum ársins 2012 en þar með hækkaði hlutfall hlutabréfa af heildareignum þeirra úr 5,5% í tæp 8%.

magnus@frettabladid.is

Þrjár skotárásir í nágrenni Kaupmannahafnar um helgina:

Nítján ára piltur var myrtur

DANMÖRK Um helgina urðu þrjár skotárásir í nágrenni Kaupmannahafnar. Lögreglan telur að árársirnar tengist.

Á föstudag var nítján ára piltur drepinn í skotárás í bænum Høje Gladsaxe og 21 árs maður særðist í sömu árás.

Á laugardag kom til skotbardaga milli tveggja hópa í Køkkedal. Þar særðist einn maður á fæti. Alls var að minnsta kosti fimmtán skotum hleypt af í þeim átökum. Einn maður var handtekinn þar, grunaður um aðild að skotárásinni.

Í gær varð síðan tvítugur maður fyrir skoti í bakið í bænum Hareskovby skammt frá Værløse og lá hann þungt haldinn á sjúkrahúsi.

Í kjölfar skotárásanna hafa alls þrjár bifreiðar fundist gjöreyðilagðar af eldi. Þeim hafði öllum verið stolið og allt benti til þess að árársarmennirnir hefðu með þessu verið að losa sig við bifreiðarnar.

Nítján ára pilturinn sem lét lífið varð fyrir skoti þegar hann var að koma út af pitsustað í Høje Gladsaxe ásamt vini sínum.



DANSKA LÖGREGLAN Hefur haft í nógu að snúast um helgina.

NORDICPHOTOS/AFP

BRIDS SKÓLINN

Námskeið á vorönn ...
Hefðbundið námskeið fyrir byrjendur og tvö **NÝ** framhaldsnámskeið: um úrspil sagnhafa og vörnina.

Byrjendur hefst **21. janúar** ... átta mánudagskvöld frá 20-23

Úrspilið hefst **23. janúar** ... átta miðvikudagskvöld frá 20-23

Vörnin hefst **20. mars** ... fimm miðvikudagskvöld frá 20-23

- Á byrjendanámskeiði er farið yfir leikreglur og grunnsagnir.
- Úrspilnámskeiðið fjallar um ættlanagerð sagnhafa.
- Varnarnámskeiðið snýst um samskiptareglur í vörn.

Mikið spilað og EKKERT MÁL að mæta stakur/stök.

Nánari upplýsingar og innritun í síma **898-5427** milli 13 og 18. Ennfremur á **bridge.is** (undir „fræðsla“).

ÁTTU IPAD WIFI EÐA IPOD TOUCH?

Viltu geta tekið þessar flottu græjur með þér hvert sem þú ferð og tengt þær netinu?

Þetta litla box er í raun þráðlaus WiFi router sem þú getur tekið með þér hvert sem þú ferð og tengt allt að fimm tæki við netið samtímis.

3G hneta (ferðabox)

12.990 kr. stgr.

1 GB netþjónusta: **1.190 kr.**

Þú velur 3G internet áskrift eða frelsi hjá Nova.



Stærð: 9 cm á hæð x 6 cm á breidd.
Rafhloðuending í notkun 5 klst.



Ef þú átt iPad eða iPhone er frábært að eiga líka Apple TV

Frábær græja fyrir þá sem eiga iPhone, iPod touch eða iPad. Með Apple TV getur þú streymt efni úr iPhone/iPod touch/iPad beint í sjónvarpið.

Apple TV

24.990 kr. stgr.

GENGID
11.01.2013

	Bandaríkjadalur	128,22	128,84
	Sterlingspund	206,63	207,63
	Evra	170,07	171,03
	Dönsk króna	22,791	22,925
	Norsk króna	23,127	23,263
	Sænsk króna	19,698	19,814
	Japanskt jen	1,4417	1,4501
	SDR	196,87	198,05

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
233,1558

Síminn býður upp á nýjung í sjónvarpi sem kallast tímaflakk:

Aðgengilegri sjónvarpsdagskrá

TÆKNI Tímaflakk kallast nýjung hjá Símanum, en með því verður hægt að horfa á sjónvarpsefni hvenær sem er innan sólarhrings frá því að efnið var fyrst sýnt. Öll heimili sem tengjast sjónvarpi Símans munu hafa aðgang að flakkinu. Áætlað er að kerfið verði aðgengilegt flestum um miðjan mánuðinn.

Að sögn Gunnhildar Örnú Gunnarsdóttur, upplýsingafulltrúa Símans, mun fyrirtækið sjá um geymslu á öllu efni og því verður hver þáttur aðgengilegur áhorfendum þegar þeim hentar.

„Þetta er viðbót við þá þjónustu sem þegar er til staðar. Nú þarf fólk ekki að bíða eftir þáttum á „plúsnum“ heldur getur horft á þáttinn strax og svo raðað sjónvarpsdagskránni eins og því hentar. Þetta



BYLTING Í SJÓNVARPI Upplýsingafulltrúi Símans segir tímaflakkið vera einstaka viðbót við þjónustu fyrirtækisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

mun auðvelda mörgum lífið og er til dæmis alveg yndislegt fyrir barnafólk,“ útskýrir Gunnhildur Árna.

- sm

Önnur hópnauðgun:

Sex manns handteknir

INDLAND, AP Sex manns voru handteknir á Indlandi í gær, grunaðir um hópnauðgun í langferðabifreið í Punjab-héraði á föstudagskvöld, aðeins fjórum vikum eftir hrottalega hópnauðgun í strætisvagni í Delhi.

Konan var eini farþeginn í bifreiðinni.

Í stað þess að hleypa henni út ók vagnstjórninn með hana á afskekktan stað þar sem fimm vinir hans tóku þátt í að nauðga henni.

- gb



VIÐ BLÖNDULÓN Enn eru virkjunarmöguleikar í Blöndu.

Nýjar smávirkjanir nyrðra:

Enn virkjað hjá Blöndu og Gilsá

ORKUMÁL Landsvirkjun skoðar nú að nýta 68 metra fall á 20 kílómetra langri veituleið Blönduvirkjunar, frá Blöndulóni að Gilsárlóni, til að framleiða allt að 32 megavöttum af rafmagni. Veituleiðin er í manngerðum skurðum vestan við Blöndugil. Gert er ráð fyrir að reisa allt að þrjár virkjanir.

Vinna á mat á umhverfisáhrifum í sumar. „Verði niðurstöður mats á umhverfisáhrifum jákvætt og hagkvæmniáætlanir koma vel út verður í framhaldi sótt um leyfi til frekari framkvæmda,“ segir á vef Landsvirkjunar.

- gar

Iðnaðarmenn í Hafnarfirði:

Lóðagjöldin verði lätin bíða

FRAMKVÆMDIR Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði segir að í ljósi ástandsins á byggingarmarkaði þurfi bæjaryfirvöld að koma til vera ljós sá fjárhagslegi hagstæðari kjörum á lóðum.

Í bréfi til bæjaryfirvalda leggur Ágúst Pétursson, formaður MIH, til að bærinn láni lóðarverð vaxtalaust þar til hús eru foheld og reikni heldur ekki fasteignagjöld á framkvæmdina fyrr en þá. „Öllum ætti að vera ljós sá fjárhagslegi ávinningur bæjaryfirvalda af því að koma lóðum í framkvæmdir og þjóðfélagslegi ávinningur að hér hefjist framkvæmdir svo fljótt sem unnt er,“ skrifar formaðurinn.

- gar

Selur þara til þriggja landa

Matvælafyrirtæki í Stykkishólmi þróar vörulínu úr þara og hefur hafið tilraunaútflutning í smáum stíl. Sérfræðingur Matís telur möguleika í þaravinnslu vera mikla og sér vistvænan iðnað sem raunhæfan möguleika.

NÝSKÖPUN Matvælafyrirtækið Íslensk bláskel og sjávargróður (ÍB&S) í Stykkishólmi þróar vörulínu úr þara og hefur þegar hafið tilraunaútflutning í smáum stíl til þriggja landa. Matís, sem hefur verið fyrirtækinu innan handar, telur mikla möguleika felast í þaravinnslu, en alþjóðlegir markaðir eru stórir bæði fyrir matvæli og nýtingu þara í lyfjáiðnaði.

Símon Sturluson, einn eigenda ÍB&S, segir að þaravinnslan hafi fyrst komið til sem aukageta með skelræktun fyrirtækisins.

„Þetta er smátt í sniðum ennþá. Þetta er tilraunaútflutningur til þriggja landa í augnablikinu; Danmerkur, Noregs og Spánar. Þarinn er yfirleitt seldur þurrkaður enda er það langbesta geymsluáferðin,“ segir Símon og bætir við að markaðurinn fyrir þaraafurðir sé mjög stór.

Símon segir engan vafa á að tækifærin til þaravinnslu í Breiðafirði séu mikil vegna þess að mikið af góðu hráefni sé til staðar og ekki síður vegna hreinleika náttúrunnar. Ekki skemmi heldur fyrir að Snæfellsnes sé umhverfisvottað samfélag; allt hjálpist þetta að.

„Kaupendur vörunnar líta mjög til þessa og vilja okkar vöru þó að hún sé nokkru dýrari en til dæmis á Írlandi.“ ÍB&S hefur nú fimm starfsmenn í vinnu yfir sumarid við þaravinnslu og er unnið úr nokkrum tugum tonna árlega.

Haraldur Hallgrímsson, sviðsstjóri nýsköpunar- og neytendasviðs Matís, segir að þari hafi um langan tíma verið matvara, sérstaklega í Asíulöndum, en eitt-hvað hafi gerst í Evrópu, og þá ekki síst á Íslandi, sem hafi orðið þess valdandi að neyslan minnkaði verulega. Nú hafi þetta breyst og megi horfa til japanskrar matar-

Pari er til margs nothæfur

- Pari er notaður til framleiðslu á kombu, wakame, nori og heilsuafurðum.
- Beltisparinn líkist japansþara bæði hvað varðar útlit og bragð.
- Vitað er að beltispari er ríkur af andoxunarefnum auk stein- og trefjaefna sem draga í sig kólesteról og þungmálma úr líkamanum.
- Auk nýtingar til manneldis má nýta þara í ýmsar húðvörur (til að mynda þarasafa sem notaður er í þaraböð), en auk þess má suta hann í ýmsar vörur sem fiskroð er núna notað í.
- Áætlað er að í norðanverðum Breiðafirði finnist hundruð þúsunda tonna af þara.

menningar, sem njóti síaukinna vinsælda, sem hluta skýringarinnar.

Haraldur telur um vannýtta auðlind að ræða og umtalsverð tækifæri séu fyrir hendi. „Hér erum við að tala um að flytja út þara eins og fisk til sölu á kröfuhörðum markaði sem er tilbúinn að borga fyrir gæði, en þar liggja okkar tækifæri.“ Hann bætir við að ekki sé aðeins um tækifæri á matvæla- markaði að ræða heldur einnig til að selja vörur til snyrtivöruframleiðenda, svo dæmi sé tekið.

Haraldur telur forsundur til að stofna fyrirtæki í framtíðinni, eitt eða fleiri, sem nýti þaraauðlindina á sjálfbærann hátt. „Við teljum að mögulegt sé að byggja upp iðnað í kringum þetta og að þetta verði ekki bara eitt eða tvö lítil fyrirtæki.“

svavar@frettabladid.is



Á PARAMÍÐUM Símon Sturluson ásamt Árna Jóni Einarssyni „gæðastjóra“ við að vinna þara í Breiðafirði.


MYND/SÍMON

Íslensk bláskel og sjávargróður ehf.

- Nýverið var nafni fyrirtækisins breytt í Íslensk bláskel og sjávargróður ehf. með enska hjáheitið Icelandic Mussel&Seaweed til að undirstrika þau tækifæri sem fyrirtækið sér í vinnslu sjávargróðurs.
- Fyrirtækið, sem var stofnað árið 2007, safnar og ræktar bláskel og safnar sjávargróðri með vistvænum og sjálfbærum hætti á nokkrum stöðum í Breiðafirði.
- Fyrirtækið nýtir báta, atvinnuhúsnæði, dreifingaraðila og mannskap sem ÍB&S hefur yfir að ráða til skelja- og þararæktunar, svo að samlegðaráhrifin eru mikil í starfseminni.
- Fyrirtækið á 210 fermetra vinnsluhúsnæði og hefur uppskorið bláskel og selt á markaði nær samfleytt frá janúar 2010. Þá hefur verið uppskorinn ýmiss konar sjávargróður og hann saltaður og þurrkaður. Starfsmenn fyrirtækisins hafa aflað sér þekkingar á sviði bláskelja- ræktunar og -söfnunar á sjávargróðri og er búid að byggja upp tengsla- og sölunet sem fer stöðugt stækkandi.

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



SVEIFLUR Í dag verður svalt á landinu en í nótt kemur lægð upp að suðvesturströnd landsins og þá bæði hversir af suðaustri og hlýnar í veðri. Samkvæmt spám fylgir lægðinni töluverð úrkoma en þó verður að mestu úrkomulítið norðaustantil.

Alicante 15°	Berlín -2°	Friedrichshafen 1°	Las Palmas 20°	New York 13°	París 4°
Apæna 15°	Billund 0°	Gautaborg -1°	London 4°	Orlando 27°	San Francisco 11°
Basel 4°	Frankfurt -2°	Kaupmannahöfn -1°	Mallorca 14°	Ósló -8°	Stokkhólmur -5°

Soffía Sveinsdóttir
veðurfréttamaður



4. SKREF

BLÍTT ÁFRAM!

VERTU VAKANDI

EKKI BÚAST VIÐ AÐ MERKIN SÉU AUGLJÓS HJÁ BARNI SEM SÆTIR KYNFERÐISLEGRI MISNOTKUN. MERKIN ERU OFT TIL STAÐAR EN ÞÚ ÞARFT AÐ KOMA AUGA Á PAU.

Kynntu þér nánar bæklinginn 7 skref til varnar börnum okkar á vefnum www.blattafram.is

Reebok FITNESS

HOLTAGÖRÐUM

VERTU TIL.

3.990 KR/MÁN – ENGIN BINDING!

**FULLKOMIN ÆFINGAÁÐSTÖÐA – FRÍTT Í ALLA HÓPTÍMA
NETBÓKUN OG ÞÚ ÁTT PLÁSS. ALLIR VINSÆLUSTU HÓPTÍMARNIR
ZUMBA-HOTYOGA-BUTTLIFT-BODY PUMP-HJÓLATÍMAR OG MIKIÐ FLEIRI**

ALLAR UPPLÝSINGAR Á NETINU, REEBOKFITNESS.IS - RFC.IS - M.RFC.IS

Ath. Meðlimagjald er greitt í upphafi áskriftar.

NORÐURLÖND



Vændiskaupendur ekki yfirheyrðir

1 SVÍPÞÓÐ Lögreglan í Svíþjóð yfirheyrði ekki alla meinta vændiskaupendur þegar hún rannsakaði mál Görans Lindberg, fyrrverandi lögreglustjóra, sem var dæmdur fyrir nauðgun og kaup á vændi árið 2010.

Sautján ára stúlka, sem fyrrverandi lögreglustjórinn hafði bundið fasta og nauðgað, lét lögregluna fá lista árið 2007 með upplýsingum um marga vændiskaupendur.

Stúlkan segir í viðtali við sænska ríkisútvarpið að ef rannsókn hefði ekki verið hætt hefðu kannski stúlkurnar sem beittar voru ofbeldi á eftir henni ekki þurft að ganga í gegnum sams konar helvíti og hún.

Milljarðatap Rauða krossins vegna spilakassabanns

2 NOREGUR Rauði krossinn í Noregi hefur tapað allt að hálfum milljarði norskra króna, eða rúmlega 11,5 milljörðum íslenskra króna, á ári eftir að bann við spilakössum var sett á árið 2007.

Markaðsstjóri Rauða krossins, Øistein Mjærum, segir í viðtali á vef Aftenposten að laga verði starfseminna að tekjutapinu. Ekki hafi tekist að brúa bilið þrátt fyrir happdrætti sem sett hafi verið á laggirnar.

Hjálparamtök í Noregi hafa einnig áhyggjur af væntanlegum breytingum á úthlutun á tekjum norsku getraunanna.

Fíkniefni í fimmta hverjum bíl



3 DANMÖRK í fimmta hverjum bíl sem stöðvaður var á leið yfir Eyrarsundsbrúna frá Danmörku til Svíþjóðar í fyrra fundust fíkniefni. Sænsk tollayfirvöld stöðvuðu 585 bíla frá 20. febrúar til 12. mars síðastliðið ár. Í

125 tilfellum, eða í fimmta hverjum bíl, fundust fíkniefni, að því er segir í frétt Berlingske.

Danski þjóðarflokkurinn segir þörf á fleiri tollvörðum í Danmörku og öflugra landamæraeftirliti.



FARSÍMI Reglugerð ESB setur þak á verðskrár fyrir símtöl í farsíma milli landa. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ESB-reglur um farsímagjöld: Hámarksverð á millilandaspjall

FJARSKIPTI Samkvæmt reglugerð ESB um samtöl í farsíma milli Evrópulanda, sem tók gildi hér á landi fyrir skemmstu, mega símafyrirtæki ekki rukka meira en 60,9 krónur á mínútuna fyrir að hringja milli EES-landa.

Samkvæmt reglugerðinni má að hámarki taka 16,8 krónur á mínútu fyrir að taka á móti símtali, 18,9 krónur fyrir að senda SMS og 147,02 krónur á Mb. Ekki skal taka þóknun fyrir að taka á móti SMS-skeyti.

Stóru símafyrirtækin þrjú á Íslandi höfðu þegar lagað verðskrá sína að þessum reglum að mestu eða öllu leyti. - þj

Tölur Hagstofu Íslands: 508 gengu úr Þjóðkirkjunni

FÓLK Alls sögðu 508 Íslendingar sig úr Þjóðkirkjunni frá október 2012 til ársloka en 86 skráðu sig í hana. Þetta kemur fram í tölum Hagstofunnar.

Af þeim sem sögðu sig úr Þjóðkirkjunni gengu 115 í önnur trúfélög, 183 gengu í fríkirkjur og 210 ákváðu að standa utan trúfélaga. Þegar horft er til aldurs voru 319 fæddir 1981 eða fyrr. Af þeim sem gengu í Þjóðkirkjuna voru 33 í fríkirkjum en 11 höfðu staðið utan trúfélaga. - þj

Fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna í forgangi

Írar hyggjast nota tíma sinn í forsæti ESB til að ljúka gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin, Kanada, Japan og Indland. Minni hömlur milli ESB og Bandaríkjanna eru taldar stuðla að hagvexti beggja vegna Atlantsála.

EVROPA Írar, sem tóku við forsæti í ráðherraráði ESB í byrjun árs, hyggjast nota tímann til að ljúka gerð verslunarsamninga sem unnið hefur verið að síðustu misseri. Þar er um að ræða samninga við Indland, Kanada, Japan og ekki síst Bandaríkin. Þá er upptaka viðræðna milli ESB og Bandaríkjanna einnig yfirlýst markmið Davids Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fyrir fund G8-ríkjanna í ár þar sem Bretar verða í forsvari. The Guardian hefur eftir Cameron að „þar sem viðskipti Evrópu og Ameríku jafngilda um þriðjung af alþjóðaviðskiptum yrði stærsta afrekið að ná að hefja viðræður milli ESB og Bandaríkjanna“.

Framámenn í viðskiptalífi beggja vegna Atlantshafs hafa þrýst á um aukið frelsi í viðskiptum og fjárfestingum milli Bandaríkjanna og ESB. Samkvæmt skýrslu sem gerð var á síðasta ári nema viðskipti þar á milli 3.800 milljörðum evra árlega, sem nemur um helmingi af vergri þjóðarframleiðslu allra ríkja heimsins samanlagt.

Á leiðtogafundi ESB og Bandaríkjanna árið 2011 var tekið stórt skref í átt til samkomulags þegar vinnuhópur var skipaður til að gera úttekt á því hvernig best mætti stuðla að auknum viðskiptum og fjárfestingum milli aðila. Skýrslu þar að lútandi er að vænta fyrir lok þessa mánaðar. Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands, lét þau orð hins vegar falla í vikunni að þar yrði mælt með því að gengið yrði til viðræðna.

EurActiv hefur eftir Kenny á vef sínum að Írar vonist til þess að samningaviðræður við Bandaríkin

geti hafist „eins fljótt og auðið er“.

Heimildir EurActiv herma að viðræður gætu jafnvel hafist í júní en mörg ljón séu enn í veginum. Lítið hafi miðað í þessa átt síðustu ár, en erfiðustu hömlurnar felist nú í samþættingu reglugerða og viðmiða á fjölmörgum sviðum, til dæmis í lyfjaiðnaði, heilsugæslu, neytendavernd og matvælaöryggi.

Verndartollar eru til staðar þó að þeir séu frekar lágir, yfirleitt á bilinu fimm til sjö prósent. Skýrsla frá árinu 2010 metur það hins vegar svo að afnám tolla eitt og sér gæti haft í för með sér hagvöxt upp á um 0,5 prósent í ESB og allt að 1,3 prósent í Bandaríkjunum.

Kenny sagði viðbúið að skiptar skoðanir yrðu um lausnir í ýmsum málaflokkum en mikilvægt væri að finna þau svið þar sem á milli bæri og reyna í framhaldinu að finna lausn sem báðir gætu sæst á.

„Það er einmitt styrkleikur okkar Íra,“ sagði Kenny og vísaði til mikils fjölda kaupþýslufólks af írskum uppruna um heim allan. „Við höfum sambönd í öðrum löndum sem við getum beitt fyrir hönd sambandsins.“


Á blaðamannafundi í síðustu viku lýsti José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, yfir ánægju með stefnu Íra í þessum málum, enda hefðu hugmyndir um fríverslunarviðræður við Bandaríkin verið forgangsatríði hjá framkvæmdastjórninni.

Írar munu á næstunni funda með viðskiptaráðherrum ríkjanna fjögurra sem getið er að ofan en þar að auki fundar leiðtoga ESB í upphafi næsta mánaðar þar sem Barroso boðar að framvindan í þessum málum verði kynnt.

thorgils@frettabladid.is



MIKIÐ VERK FYRIR HÖNDUM Enda Kenny, forsætisráðherra Írlands, og José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, leggja áherslu á að ná sem fyrst fríverslunarsamningum við önnur efnahagsveldi, meðal annars Bandaríkin. NORDICPHOTOS/AFP



Mikið leitað í fjárfestingar í Evrópu

Bandaríkjamenn hafa mikið leitað til Evrópu síðustu misseri hvað varðar fjárfestingar. Árið 2011 námu bandarískar fjárfestingar í Evrópu rúmum 120 milljörðum dala en sambærileg upphæð í Kína var 40 milljarðar.

Miklar vonir eru bundnar við að frjálsari viðskipti muni koma efnahagslífi ESB-ríkja af stað á ný, en þar eru nú 26 milljónir manna án atvinnu. Eamon Gilmore, varaforsætisráðherra Írlands, segir von til þess að fyrirhugaðir fríverslunarsamningar við Bandaríkin, Japan, Kanada og Indland verði til þess að auka hagvöxt í ESB um allt að tvö prósent.

Ný skýrsla þremur árum eftir mannskæðan jarðskjálfta í Karíbahafi:

Betri aðbúnaður barna á Haítí

HAÍTÍ Þremur árum eftir jarðskjálftann mannskæða sem reið yfir Haítí bendir margt til þess að uppbygging skili árangri hvað varðar aðbúnað barna, menntun og heilsu.

Í samantekt UNICEF, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, úr skýrslu heilbrigðisvirkvalda í Haítí kemur meðal annars í ljós að frá árinu 2006, þegar síðasta skýrsla var gefin út, hefur hlutfall sex til ellfu ára barna sem sækja skóla farið úr innan við helmingi upp í 77 prósent í fyrra.

Þá hefur bráðavannæring barna á aldrinum sex mánaða til fimm ára dregist saman um helming, úr tíu prósentum í fimm, og viðvarandi vannæring hefur farið úr 29 prósentum niður í 22 prósent á síðasta ári.

Auk þess hefur barnadauði dregist saman og aðgangur að hreinlætisastöðu aukist.

Gríðarlegt tjón varð í jarðskjálftanum og tugir þúsunda létust. Opinberar tölur segja að yfir 300 þúsund hafi látist en samkvæmt óháðum úttektum er líklegra að fjöldinn sé á bilinu 46 til 150 þúsund. Auk þess létust þúsundir Haítíbúa í kólerufaraldri og 360 þúsund manns hafast enn við í tjaldbúðum. - þj



BATAMERKI Ný skýrsla gefur til kynna að aðstaða barna á Haítí fari batnandi, þremur árum eftir jarðskjálftann mannskæða. Þessi mynd er tekin í flóttamannabúðunum Marassa. NORDICPHOTOS/AFP

Það sem eyru þín þrjá

ÓKEYPIS HEYRNAR MÆLING!

HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Útsala í Betra Baki!

25% afsláttur af Chiro Collection heilsudýnum



Chiro Deluxe dýna (aukahlutir á mynd botn og lappir)

Verðdæmi: 160x200 cm. Verð nú kr. 131.205 • 180x200 cm. Verð nú kr. 162.000,-

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrenngi

Vandaðir hægindastólar

20% afsláttur



Verðdæmi

LEVANTO

hægindastóll
með skemli

Kr. 111.840

Verð kr. 139.800

Til í svörtu, hvítu
og rauðu leðri.

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-45% afsláttur



HOLLANDIA

stillanlegt að þínum þörfum!

Sængurver í sérflokki!

20% afsláttur



JOOP!

elegante
bed linen fashion

bruno banani

30%
afsláttur



McGREGOR
ESTABLISHED NEW YORK 1921

Úrval af baðsloppum
- allar stærðir -
fyrir dómur og herra

Tempur® Original SMALL heilsukoddi!

50% afsláttur

Útsöluverð **kr. 8.950**

Verð kr. 17.900



Allir aðrir Tempur® heilsukoddar 25% afsláttur

Temprakon dúnsæng

30% afsláttur

140x200

kr. 33.162

Verð kr. 47.375



TEMPRAKON

Vandaðar C&J heilsudýnur!

25% afsláttur

Verðdæmi

C&J Platinum heilsurúm

Dýna botn og lappir	TILBOÐ
160x200 - kr. 173.900	129.900
160x200 - kr. 112.773	84.500 (Bara dýna)
180x200 - kr. 189.900	139.900
180x200 - kr. 124.170	93.100 (Bara dýna)

C&J Gold heilsudýna

Dýna botn og lappir	TILBOÐ
160x200 - kr. 199.900	149.925
160x200 - kr. 139.679	104.760 (Bara dýna)
180x200 - kr. 219.900	164.800
180x200 - kr. 154.371	115.770 (Bara dýna)



Charlotte S Julien
Dream your world™

Frábært verð!

Edward svefnsófi

50% afsláttur



EDWARD svefnsófi

Afsláttarverð **kr. 104.500**

Verð kr. 209.000

www.betrabak.is

Betra
BAK

Leggur grunn að góðum degi

betrabak@betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Ópið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

NÝIR SPARNEYTNIR

NÝIR SPARNEYTNIR BÍLAR

B|L



**FER 1.428 KM
Á EINUM TANKI**
M.v. blandaðan akstur



RENAULT MEGANE II SPORT TOURER

1.5 dísil, sjálfskiptur. Verð 3.890 þús. kr.

Eyðsla: **4,2 l/100 km***

**VINSÆLASTI
SPORTJEPPINN**

Samkv. Umferðarstofu 2012



NISSAN QASHQAI – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 5.090 þús. kr.

Eyðsla: **4,6 l/100 km***

**SPARNEYTINN
SUBARU**

Ný vél, aukinn bensinsparnaður



SUBARU XV – 4x4

Bensín, sjálfskiptur. Verð 5.590 þús. kr.

Eyðsla: **6,6 l/100 km***

**SKYNSAMLEG
KAUP**

Hrikalega gott verð



DACIA DUSTER – 4x4

Dísil, beinskíptur. Verð 4.090 þús. kr.

Eyðsla: **5,1 l/100 km***

Bílahúsið / Reykjanesbæ / 421 8808 – Bílasalan Bílás / Akranesi / 431 2622 – Bílasala Akureyrar / Akureyri / 461 2533 – Bílasala Austurlands / Egilsstöðum / 470 5070

BL Sævarhófa 2 110 Reykjavík 525 8000



Póst- og fjarskiptastofnun lýsti eftir áhugasömum um þátttöku:

Fjögur vilja með í 4G-uppboð

FJARSKIPTI Fjögur fyrirtæki munu taka þátt í uppboði Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) á tíðniheimildum fyrir háhraða farnetsþjónustu, einnig kallað 4G. Þau fyrirtæki sem tilkynntu þátttöku eru 365 miðlar, Síminn, Fjarskipti (Vodafone) og Nova.

PFS hefur frest fram til 25. janúar til að fara yfir þátttöku-beiðnirnar áður en uppboðið sjálf hefst hinn 11. febrúar.

Uppbygging 4G-kerfis á Íslandi gæti því hafist áður en langt um líður. Samkvæmt skýrslu Mann-

vits gæti kostnaðurinn við að breiða út þjónustuna til áttatíu prósent landsins, með gagnaflytningshraða upp á tíu megabita á sekúndu, numið á 22 til 33 milljörðum króna.

4G-tæknin býður upp á talsvert hraðari tengingu en 3G og er álitin framtíðin í þessum efnum. Tækninni var fyrst hleypt almennt af stokkunum á Norðurlöndunum árið 2009 og eru nú helstu borgir og bæir þar innan dreifikerfanna, sem ná til um og yfir níutíu prósent íbúa.



SNJALLSÍMAR 4G-tæknin hefur brátt innreið sína á Íslandi fyrir alvöru, en fjögur fyrirtæki ætla að taka þátt í uppboði PFS á tíðniheimildum í næsta mánuði.



FRANSKIR HERMENN Í MALÍ Árásin á Konna í lok síðustu viku hefur orðið til þess að Frakkar og nágrennaríkin koma stjórnarhernum til hjálpar.

Bardagar harðna í norðanverðu Malí

Franski herinn býr sig undir langvarandi átök í Malí. Nágrannaríkin senda herlið til aðstoðar stjórnarhernum, sem hefur litla burði til að verjast harðskeyttu liði uppreisnarmanna. Bretar hafa einnig boðist til að aðstoða við herflutninga.

MALÍ, AP „Stríðið er rétt að byrja,“ hefur bandaríska fréttastöðin CNN eftir Sanda Oud Boumana, talsmanni íslamskra uppreisnarmanna í norðurhluta Malí. „Bardagamenn okkar eru reiðubúnir að deyta fyrir málstaðinn.“

Franski herinn hefur komið stjórnarhernum til aðstoðar og gert loftárásir á uppreisnarmenn undanfarna daga ásamt því að senda sérsveitarmenn á vettvang. Um helgina samþykktu síðan nágrannaríkin Níger, Búrkína Fasó, Senegal og Nígería að senda herlið á vettvang. Þá hafa Bretar boðið fram aðstoð sína við að flytja hermenn frá þessum löndum til Malí.

Stjórnarherinn í Malí hefur litla sem enga burði til að verjast upp-

reisnarsveitunum Ansar Dine, sem hafa náð norðurhluta landsins að stórum hluta á sitt vald. Norðurhluti landsins er afar strjálbýll, en uppreisnarmenn hafa komið þar á strangri túlkun íslömsku sjaríalaganna og vilja að þau gildi um landið allt. Á áhrifasvæði sínu hafa þeir meðal annars eyðilagt fornar helgibyggingar og bannað alla tónlist, svipað því sem talibanar gerðu í Afganistan þegar þeir réðu þar ríkjum um aldamótin.

Sameinuðu þjóðirnar hafa hingað til talið rétt að fara sér hægt í því að mæta uppreisnarliðinu með erlendu herliði, en ákvörðun uppreisnarmanna um að sækja lengra suður á bóginn breytti því mati.

Dioncounda Traore, forseti

bráðabirgðastjórnar landsins, lýsti yfir neyðarástandi á föstudaginn eftir að uppreisnarmenn náðu bænum Konna á sitt vald.

Á annan tug manna féll í Konna, þar á meðal börn sem drukknuðu eftir að hafa stökkið út í á til að forðast sprengjuárásir.

„Að minnsta kosti þrjú börn hentu sér út í ána. Þau voru að reyna að synda yfir á hinn bakkann,“ sagði Sory Diakite, bæjarstjóri í Konna.

Uppreisnarmennirnir eru túsíðir, en það er hirðingabjórðflokkur sem býr í Sahara-eyðimörkinni. Þeir eru múslimar eins og flestir íbúa Mali en hafa lengi barist fyrir stofnun sjálfstæðs ríkis í norðurhluta landsins. gudsteinn@frettabladid.is

Jón Ásgeir Jóhannesson tekur þátt í kaupum á fyrirtækinu Muddy Boots:

Kaupir hlut í kjötframleiðslu

VIÐSKIPTI Jón Ásgeir Jóhannesson hefur keypt hlut í fyrirtækinu Muddy Boots Real Foods. Þetta er fullrytt á vef breska blaðsins Sunday Telegraph. Þar segir að Jón Ásgeir hafi keypt um fjórðungshlut í fyrirtækinu og að fjárfestingin nemi nokkrum milljónum sterlingspunda, eða nokkur hundruð milljónum íslenskra króna.

Blaðið segir þetta fyrstu fjárfestingu Jóns Ásgeirs síðan fjárfestingarfélagið Baugur fór í þrot árið 2009. Blaðið segir að Jón Ásgeir hafi fjárfest í Muddy Boots í gegnum JMS Partners, sem hann eigi með Gunnari Sigurðssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Baugs. Muddy Boots var stofnað af bresku hjónunum Miröndu og Roland Ballard árið 2008.

Roland Ballard staðfesti kaup

Jóns Ásgeirs í fyrirtækinu í samtali við Telegraph. Hann segir að fjögur fyrirtæki hafi lýst yfir áhuga á að fjárfesta í því en Jón hafi verið besti kosturinn.

Jón Ásgeir staðfesti í samtali við Vísi að hafa átt þátt í kaupum á hlut í Muddy Boots en fjárfestingin nemi innan við tuttugu milljónum íslenskra króna. Jón Ásgeir segir að hann og Nick Leslau, vinur sinn og fjárfestir á Bretlandi, hafi verið sammála að hvergi væri hægt að kaupa almennilega hamborgara í verslunum en þetta umrædda fyrirtæki hafi boðið upp á góða vöru.

„Ég er persónulega ekki að koma með pening heldur Ingibjörg [kona hans] en ég hef unnið fyrir hana í ýmsum málum til dæmis hjá 365,“ segir Jón Ásgeir í samtali við Vísi.



JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON Hann segist í samtali við Vísi hafa keypt í breska fyrirtækinu fyrir konu sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?



Einn vinur okkar á Facebook
vinnur 120.000 kr. gjafabréf
á námskeið að eigin vali!
facebook.com/Promennt

www.promennt.is

FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUSKÓLI

Framabraut – Skrifstofuskóli er námsbraut fyrir fólk sem vill skapa sér sterkari stöðu á vinnu-
markaði með aukinni menntun eða er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju eftir hlé.

▶ STYRKT AF FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

– sem tryggir ótrúleg kjör

Námsbrautin er unnin í samvinnu við símenntunarmiðstöðina Framvegis og er styrkt af Fræðslu-
miðstöð atvinnulífsins. Þess vegna er hægt að bjóða þessa geysiöflugu námsbraut á hreint
ótrúlegu verði eða 42.000 kr. í stað 199.000 kr. áður. Námið er 264 kennslustundir og er metið
til allt að 18 eininga til stúdentsprófs.*

▶ AF HVERJU FRAMABRAUT – SKRIFSTOFUSKÓLINN?

Markmiðið með Framabrautinni – Skrifstofuskólanum er að nemendur öðlist þá hæfni sem þarf
til að geta skarað fram úr í alhliða skrifstofuvinnu. Í þessu námi er tekið fyrir allt um tölvur, bók-
hald og skrifstofutækni sem fólk þarf að kunna skil á í nútímafyrirtækjum. Námið hefst á því að
nemendum er kennt námstækni með hjálp MindManager og þannig helstu tókin við notkun
hugarkorts í verkefnavinnu, en rannsóknir sýna að notkun hugarkorts í námi og starfi getur
aukið afköst fólks við vinnuna um allt að 17%.

▶ FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir kröfur til nemenda. Þetta
nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama í almennum skrifstofustörfum, styrkja kunnáttu
sína eða nota sem grunn fyrir frekara nám. Skrifstofuskólinn er ætlaður fólki sem er
20 ára eða eldra og hefur stutta formlega skólagöngu að baki.

”Ég er á allan hátt mjög ánægð með þetta nám. Vegna aðstæðna þá þurfti ég að nýta mér bæði að vera á staðnum og í fjarkennslu í beinni
sem mér finnst vera stór plús við þennan skóla. Ég átti mitt sæti og mína tölvu í kennslustofunni og gat þá komið þegar mér hentaði.
Þegar ég var á staðnum þá var upplifunin af fjarnemum bara jákvæð og alls ekki truflun, bara gaman að heyra og vita af fólki á línunni.
Svo kom það fyrir að fjarnemar utan af landi komu í bæinn og sátu þá í tímanum með okkur og það var mjög skemmtilegt.
Fyrir mig var það Fjarkennslan í beinni sem hafði úrslitaáhrif á það hvaða nám og skóla ég valdi. Það hefur verið ómetanlegt að hafa
þennan sveigjanleika í boði.

Ég ætla að bæta við mig og fara á Bókaránám-framhald og ætla að nýta mér að einhverju leyti fjarkennsluna. Takk fyrir mig.

Fjola var á Framabraut–Skrifstofuskóla á haustönn 2012

Skráning fer fram á vefnum okkar www.promennt.is og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

▶ VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

1. Kynning og námstækni með MindManager
2. Sjálfstyrking, samskipti og færnimappa
3. Tölvu- og upplýsingaleikni
4. Verslunarreikningur og bókhald
5. Tölvubókhald
6. Þjónusta og símsvörun
7. Viðskiptaenska
8. Tollskýrslugerð
9. Verkefnadagar/lokaverkefni

Verð: 42.000 kr.

Lengd: 264 kennslustundir

Kennslan fer fram hjá okkur í Promennt og Framvegis
í Skeifunni 11B, 2. hæð og í fjarkennslu í beinni útsendingu.

Hefst: 4. febrúar 2013

Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2013

Flest stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms hjá okkur.
Atvinnuleitendur geta sótt um styrk hjá VMST.



Promennt er eini
Microsoft-vottaði
skólinn á Íslandi.



Hjá Promennt er
einnig boðið upp á
fjarkennslu í beinni.



Hjá Promennt er
boðið upp á dag-
og kvöldnám.

FRÁBÆRT ÚRVAL

Gerðu frábær kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eignum bílum á frábæru verði!



PEUGEOT 508 Active
Nýskr. 12/11, ekinn 15 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr.151576

Glæsilegt eintak kr.
4.590 þús.

Tökum notaðan uppi notaðan! Erum í samningsstuði!



SUBARU LEGACY LUX
Nýskr. 06/09, ekinn 39 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.420 þús.
Rnr.200825.



TOYOTA COLOLLA TERRA
Nýskr. 06/10, ekinn 42 þús. km.
bensín, beinskíptur.
VERÐ kr. 2.250 þús.
Rnr.151580



SUZUKI GRAND VITARA premium
Nýskr. 06/11, ekinn 41 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr.151520.



NISSAN X-TRAIL SE
Nýskr. 06/11, ekinn 26 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.990 þús.
Rnr.141349



HYUNDAI i30 CLASSIC
Nýskr. 06/10, ekinn 58 þús. km.
bensín, beinskíptur.
Verð kr. 1.890 þús.
Rnr.190673.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 05/12, ekinn 27 þús. km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.790 þús.
Rnr.130383.

Gerðu frábær kaup hjá Bílalandi BL

bílalandi

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is



www.facebook.com/bilaland.is

Kalla þurfti til sjúkraflutningamenn í Sundhöll Reykjavíkur í gærdag: Björguðu manni úr heitum potti

SLYS Starfsfólk Sundhallar Reykjavíkur kom manni til bjargar um hádegisbil í gær. Sundlaugargestir komu auga á manninn bjargarlausan í heita pottinum.

Peir gerðu starfsmönnum viðvart. Gestir og sundlaugarverðir drógu því næst manninn úr pottinum. Sjúkraflutningamenn voru kallaðir til og var maðurinn fluttur á bráðamóttöku Landspítalans. Samkvæmt upplýsingum frá slökkviliðinu er ekki vitað hvað amaði að honum en hann var með rænu.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem starfsmenn Sundhallar Reykjavíkur koma sundlaugargesti til bjargar. Í desember síðastliðnum björguðu þeir manni frá drukknun með því að hnoða og blása í hann lífi.



VIÐ SUNDHÖLLINA Sjúkraliðið var kallað til að Sundhöllinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN

Kaupþingsrannsókn kostaði 270 milljónir

Rannsókn Serious Fraud Office í Bretlandi á Kaupþingi kostaði 270 milljónir króna. Henni var hætt í október í fyrra. Stærsti kostnaðarliðurinn var kaup á utanaðkomandi ráðgjöf. Tchenguiz-bræður vilja 83 milljarða króna í skaðabætur.

DÓMSMÁL Breska efnahagsbrotadeildin, Serious Fraud Office (SFO), eyddi 1,3 milljónum punda, um 270 milljónum króna, í rannsókn sína á falli Kaupþings. Breska dagblaðið The Times fór fram á upplýsingar um kostnaðinn á grundvelli upplýsingalaga og birti svörin fyrir helgi. Rannsókninni var hætt í fyrra eftir að SFO viðurkendi röð mistaka við framkvæmd hennar og það meðal annars einn hinna grunuðu afsökunar á framferði sínu við rannsóknina, sem var ein sú umsvifamesta sem stofnunin hafði ráðist í.

Kostnaðurinn gæti hækkað umtalsvert þar sem bræðurnir Vincent og Robert Tchenguiz, sem voru á meðal hinna grunuðu, hafa farið fram á himinháar skaðabætur frá stofnuninni vegna þess skaða sem þeir telja sig hafa orðið fyrir vegna rannsóknarinnar. Málaferlin, sem talið er að muni standa í átta vikur, munu líkast til ekki hefjast fyrr en í byrjun árs 2014.

SFO hóf rannsókn á Robert Tchenguiz og nokkrum stjórnendum Kaupþings í desember 2009. Á meðal annars sem voru til rannsóknar voru Ármann Þorvaldsson, Sigurður Einarsson og Guðni Niels Aðalsteinsson. Rannsókn á Vincent hófst síðan í september 2010 og í mars árið eftir var hann færður til yfirheyrslu á meðan leitað var á skrifstofu hans og heimili. Til rannsóknar voru lánveitingar Kaupþings til Tchenguiz-bræðranna.

Um miðjan október í fyrra tilkynnti SFO að hún væri hætt rannsókn á málefnum Kaupþings. Áður



SFO Sigurður Einarsson, fyrrum starfandi stjórnarformaður Kaupþings, var einn þeirra sem voru til rannsóknar hjá SFO. Hann sagði við Fréttablaðið í október 2012 að málið hefði verið „þvílík endemis þvæla og skáldskapur“.

Úr viðtali Fréttablaðsins við Vincent Tchenguiz 21. júlí 2012

„Klukkan rúmlega sex að morgni 9. mars 2011 vaknaði hann [Vincent Tchenguiz] við að nokkrir lögreglumenn voru í svefnherbergi hans. Vincent var tilkynnt að hann yrði færður til yfirheyrslu en fékk að fara í sturtu og klæða sig áður en hann var færður á lögreglustöð í London. Fyrir utan skrifstofu hans, þar sem hútleit stöð yfir á sama tíma, voru ljósmyndarar frá breskum fjölmiðlum. Þeir höfðu fengið veður af því að handtökur væru í bígerð. Á lögreglustöðinni var Vincent tilkynnt að ástæða þess að hann væri til rannsóknar hjá bresku efnahagsbrotadeildinni, Serious Fraud Office (SFO), væri tengsl hans við íslenska bankann Kaupþing.“

hafði rannsókn á þætti nokkurra þeirra sem höfðu stöðu grunaðra verið hætt. SFO viðurkendi auk þess að mistök hefðu verið gerð í málinu.

Í þeim tölum sem The Times hefur undir höndum kemur fram að kostnaður SFO vegna rannsóknarinnar hafi verið 1,3 milljónir punda, eða um 270 milljónir

króna. Þar af hafi 729 þúsund pund, 151 milljón krónur, farið í að greiða átta ráðgjöfum sem aðstoðuðu við rannsóknina. Um 417 þúsund pund, 86 milljónir króna, fóru í að greiða málflytningum og afgangurinn í launagreiðslur til þeirra starfsmanna SFO sem unnu að rannsókninni.

thorur@frettabladid.is

Nýstofnaður styrktarsjóður á vegum Evrópusambandsins:

Mun styrkja lýðræðisbaráttu

EVROPA Lýðræðisshreyfingar í alræðisríkjum munu brátt hafa aðgang að nýstofnuðum styrktarsjóði ESB.

Sjóðurinn tók formlega til starfa í síðustu viku og er ætlað að stuðla að framgangi lýðræðis í nágrannaríkjum ESB, til dæmis Hvíta-Rússlandi, og enn víðar.

Sjóðurinn, sem er samstarfsverkefni Framkvæmdastjórnar ESB, nokkurra aðildarríkja og Sviss, mun hafa 34,2 milljónir evra til úthlutunar til valinna verkefna.

Catherine Ashton, utanríkisráðgjafi ESB, sagði við stofnun sjóðsins að tímasetningin væri afar mikilvæg, þar sem 2013 yrði

lykilár í uppgöngu lýðræðismála, sérstaklega í nágrannaríkjum ESB.

Sjóðurinn er hugarústur pólska utanríkisráðherra Radoslavs Sikorski, en landi hans Jerzy Pomianowski, sem tók virkan þátt í lýðræðisshreyfingunni í Póllandi á níunda áratugnum, mun stýra starfi hans.

- þj



STYRKUR Í BARÁTTUNNI Nýr styrktarsjóður ESB mun styrkja lýðræðisshreyfingar víða um heim, meðal annars í Hvíta-Rússlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Styðja lýðræðisbaráttu víða um heim

Meðal þeirra sem gætu notið góðs af framlögum úr sjóðnum eru hópar í Alsír, Armeníu, Aserbaidsjan, Palestínu, Hvíta-Rússlandi, Egyptalandi, Georgíu, Jórdaníu, Líbanon, Marokkó, Sírylandi, Úkraínu, Moldavíu og Tyrklandi.

TÖFRAR FRÁ MEXÍKÓ



LEYNIYONID



TEX MEX
Santa Maria

BONUS HAGKAUP

Kjósundur trúa því ekki að hér sé allt á uppleið:

Breytt landslag

Athyglisvert er að skoða kannanir Markaðs- og miðlarrannsóknna (MMR) á því hvaða stjórnmálaflokkum fólk treysti best til að fara með forystu í ákveðnum málaflokkum. Þær gefa fyllri mynd af pólitíska landslaginu en hreinar fylgiskannanir. Þessar kannanir hafa verið gerðar fimm sinnum frá hrúni og Fréttablaðið hefur birt niðurstöður þeirra, síðast nú á laugardag.

Stóra breytingin í þessum könnunum varð tiltölulega snemma á kjörtímabilinu; sá mikli meðbyr sem núverandi stjórnarflokkar höfðu í upphafi samstarfs síns hvarf. Vorið 2009 var

öðrum hvorum stjórnarflokkum best treyst til forystu í flestum málaflokkum og samantlagt taldi yfir helmingur kjósenda annan hvorn flokkinn best til forystu fallinn í öllum málum sem um var spurt. Strax tæpu ári síðar hafði þetta breytt mikið og Sjálfstæðisflokkurinn sótt í sig veðrið á nýjan leik.

Síðan hefur leiðin aðallega legið niður á við hjá Vinstri grænum, en Samfylkingin nær sér reyndar aðeins á strik nú miðað við könnunina fyrir ári. Það breytir ekki því að stjórnarflokkarnir glutruðu niður hina stóra tækifæri fyrstu hreinræktuðu vinstri stjórnarinnar og hafa ekki náð að rétta hlut sinn aftur.

Að undanförunu hafa stjórnarflokkarnir hamrað á því að endurreisn efnahagslífsins eftir hrúnið hafi gengið svo glimrandi vel og þjóðin sé byrjuð að uppskera eftir erfið og mögur ár. Kjósundur trúa þeirri sögu ekki betur en svo að í öllum málaflokkum sem eitthvað tengjast efnahagsmálum hefur traust í garð stjórnarflokkanna hrúnið. Flestir kjósendur segjast treysta Sjálfstæðisflokknum í þeim málum, jafnvel talsvert fleiri en þeir sem segjast ætla að kjósa flokkinn.

Kjósundur treysta Sjálfstæðisflokknum raunar best í fjórtán af fimmtán málaflokkum sem um var spurt. Staða flokksins er að þessu leyti gjörbreytt frá fyrstu könnun kjörtímabilsins. Hins vegar vekur athygli hvað Framsóknarflokkurinn hefur spilað illa úr sinni stjórnarandstöðu; bæði fylgið og traustið hljóta að valda forystu flokksins vonbrigðum.

Athyglisvert er að sjá hvernig traust til stjórnarflokkanna í málum sem þeir bera sérstaklega fyrir brjósti hefur hrúnið. Þar má nefna skattamál hjá báðum stjórnarflokkum og heilbrigðismál, auðindamál og umhverfismál hjá VG, þótt síðarnefnda flokknum sé enn treyst örlítið betur en Sjálfstæðisflokknum til að fara með umhverfismálin.

Í könnunum MMR í fyrra og árið þar áður sögðust talsvert margir treysta öðrum en hefðbundnu stjórnmálaflokkunum fjórum best fyrir tilteknum málaflokkum. Þjórt framtíð er í nýjstu könnuninni komin á blað og virðist taka til sín talsvert marga sem ekki vildu þá treysta neinum gömlu flokkanna. Hins vegar eru þeir mun færri sem treysta BF til að leiða hina ýmsu málaflokka en ætla að kjósa flokkinn, enda hafa kjósendur enga reynslu af BF við stjórnvöllinn.

Tilkoma nýs flokks, sem virðist geta komið mönnum á þing, breytir hins vegar ekki því að líkt og í fyrra segjast aðeins um 60% yfirleitt treysta einhverjum flokki best til að fara með forystu einhverra málaflokka. Það hlutfall var tæplega 80% við upphaf kjörtímabilsins. Hópurinn sem hefur ógeð á allri pólitík er áfram stór og það er áhyggjuefni fyrir alla flokka.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

FÉLAG FASTEIGNASALA **vísir**

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

FRÁ DEGI TIL DAGS

Ekki „ókeypis“ handboltaveisla
Fátt sameinar þrasgjarna íslenska þjóð betur en þegar karlalandslíðið í handbolta keppir á stórmótum, enda hefur árangur „Strákanna okkar“ síðustu ár verið landi og þjóð til mikils sóma. Þetta er árlegur viðburður en þó skyggir á gleðina hjá sumum að leikirnir í keppninni séu sýndir á áskriftarrásinni Stöð2 Sport, sem er í eigu 365 miðla eins og Fréttablaðið. Það er að mörgu leyti skiljanlegt að áhugafólk vilji sjá alla leikina í opinni dagskrá, „ókeypis“ ef svo mætti segja, en þetta er í annað skiptið frá upphafi sem einkastöð sýnir frá stórmóti karla í handbolta. Staðreynd málsins er hins vegar sú að einkaaðili



keypti réttinn og til þess að horfa á leikina, sem verða fimm hið minnsta, vonandi sem flestir, þarf að kaupa áskrift á tæpar 7.000 krónur.

Þegar ríkisstjórnin stal HM

Í þessu sambandi eru ýmis álitamál um rekstur ríkisfjölmiðla og einkafjölmiðla. Þó er alltaf hægt að bóka langsóttari skýringar, eins og þá sem Páll Vilhjálmsson býður upp á á bloggsíðu sinni. „Við getum þakkað það ríkisstjórn Samfylkingar og VG að Stöð 2 Jóns Ásgeirs einokar HM í handbolta í læstri dagskrá,“ segir Páll og vísar í að eigendur 365 séu í náðinni hjá stjórnvöldum, sem hafi meðal annars svikist um að setja lög sem kveði á um að stærri

íþróttaviðburðir séu í opinni dagskrá. Já, margt er það bölið sem stjórnin hefur kallað yfir þjóð sína!

Hvað á að splæsa í fleira?

Það er ekki hægt að banna fólk að heimta ókeypis skemmtun og afþreyingu en það er spurning hvort næst verði farið að heimta að allir meiriháttar menningarviðburðir, eins og frumsýningar leikverka eða kvikmynda, verði líka opnir almenningi. Er leikur Íslands og Chile á HM mikilvægari þjóðinni en til dæmis uppfærslur Þjóðleikhússins á höfuðverkum íslenskrar bókmenntasögu?

thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR



Tölum saman um betri hverfi

ÍBÚA-KOSNINGAR



Jón Gnarr borgarstjóri í Reykjavík

Í fyrra óskaði Reykjavíkurborg eftir hugmyndum frá borgarbúum að smærri verkefnum í hverfum borgarinnar. Borgarbúar tóku vel við sér og komu með nærri 400 góðar hugmyndir. Embættismenn og hverfaráð Reykjavíkurborgar fóru síðan yfir hugmyndirnar og var kosið á milli 182 hugmynda í rafrænum íbúakosningum. Þar af kusu borgarbúar 124 hugmyndir sem komu til framkvæmda í fyrrasumar og haust. Hafa nú yfir 100 verkefni verið framkvæmd. Aðeins lítill hluti bíður vors.

Þetta tilraunaverkefni tókst afar vel og ég þori að fullyrða að mikill meirihluti þessara verkefna er í anda þeirra hugmynda sem íbúar settu fram. Kjörskón var um 8,1%, í sumum hverfum um og yfir 10 prósent. Samt má enn gera betur.

Óánægjuraddir heyrðust varðandi einstök verkefni og snerust þær m.a. um að borgin framkvæmdi hugmyndirnar eftir sínu höfði en ekki íbúanna. Þá kom fram sú gagnrýni að dýrari verkefni vantaði á hugmyndalistana sem kosið var um. Í ár vil ég sjá enn fleiri borgarbúa taka þátt og við þurfum einnig að tryggja virkara samráð um framkvæmdirnar.

Í dag verður opnað fyrir góðar hugmyndir í verkefnið Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík. Þar geta

→ Í dag verður opnað fyrir góðar hugmyndir í verkefnið Betri hverfi á samráðsvefnum Betri Reykjavík. Þar geta Reykvíkingar sett inn nýjar hugmyndir, skoðað og stutt við hugmyndir annarra.

Reykvíkingar sett inn nýjar hugmyndir, skoðað og stutt við hugmyndir annarra. Hægt verður að setja inn hugmyndir til 15. febrúar nk. Rafrænar íbúakosningar um efstu hugmyndir verða síðan haldnar dagana 14.-19. mars. Reykjavíkurborg leggur aftur 300 milljónir í svokallaða hverfapotta á þessu ári til að koma þeim verkefnum í framkvæmd sem kosin verða.

Á næstu vikum mun ég funda með íbúum í hverfum Reykjavíkur og fara yfir verkefni síðasta árs og óska eftir uppbyggilegum hugmyndum. Þar mun íbúum gefast kostur á því að bjóða fram þjónustu sína varðandi eftirfylgni verkefna. Með því viljum við tryggja að verkefnið sem koma til framkvæmda verði í anda þeirra hugmynda sem íbúar setja fram. Ég hlakka til og hvet alla Reykvíkinga til að mæta á fundina. Reykjavík er frábær borg en við getum gert hana enn betri.

Hæg breytileg átt

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Maður heyrir stundum í útvarpinu auglýsingar frá Mjólkursamsölunni um svonefndan „góðost“. Þær eru athyglisverður vitnisburður um ríkjandi hugarfar. Þetta eru auglýsingar ættaðar úr landi hinnar fúlskeggjuðu heimsafneitarinnar í lopapeysu, ætlað að höfða til Bjarts í Sumarhúsum. Þar má til dæmis heyra einn af föstum veðurfréttalesurum Ríkisútvarpsins segja okkur að góðostur sé jafn íslenskur og hæg breytileg átt (minnir mig) og sannast þá loks texti Bógómíls Font: Veðurfræðingar ljúga. Þannig eru þessar ostauglýsingar: fundin eru sérviskuleg fyrirbæri sem hvergi eru talin til nema á Íslandi (eins og veðurfréttir í útvarpinu) og vekja með flestum heldur notalega kennd um sérstöðu sem kannski er þúkö en samt okkar og þar með eitthvað svo ágæt – og síðan er þessum „góðosti“ skeytt við það. Hann er boðflenna í ánægju-menginu. Kannski snúast auglýsingar alltaf um slíkan átroðning – sífellt að leitast við að smeygja sér inn á gleðimót og láta sem það sé á sínum vegum („Við færum ykkur jólin“).

„Spakhettur með saxbauta“

Fátt við því að segja. En þessar auglýsingar eru sem sé athyglisverður. Tédur „góðostur“ er nefnilega álfka íslenskur og spagettí. Það mætti allt eins hugsa sér auglýsingu þar sem talað væri um „spakhettur – jafn íslenskur og slabbíð“, og svo fengi Hveitisamsala Ríkisins einkaleyfi á því að búa til hveitilengjur undir þessu nafni og framleiddi auglýsingar með haddprúðum konum og síðskeggjuðum körlum í lopapeysum að slafra í sig þjóðlegum spakhettum með saxbauta...

Nafnið „góðostur“ er nýtt. Um árabíl hefur osturinn heitið „Gouda“-ostur án þess að landsmenn hafi kippt sér upp við það. Þessi guli ostur unninn úr kúamjólk er kenndur við hollensku borgina Gouda, enda upprunninn þar. Herferð Mjólkursamsölnnar um að telja okkur neytendum trú um að þessi ostur sé á einhvern máta séríslenskur er vitnisburður um ríkjandi þjóðernis-hyggju sem markvisst er alið á, og vissst áhyggjuefni því að eins og við vitum hefur þjóðernis-hyggjan löngum verið skálkaskjól eignamanna sem nota hana til að gefa forréttindum sínum lögmæti.

Við vitum að auglýsingar segja ekki beinlínis satt nema þá ef til vill með því að segja ósatt. En hér er um að ræða óvenju blygðunarlaus ósannindi – það er ekkert séríslenskt við „góðost“ – og í öðru lagi er þessi ostur ekki nærri því jafn góður og sá evrópski ostur sem hann dregur dóm af. Það vita allir; og Mjólkursamsalan veit það líka. Hún er hins vegar að reyna að gera það að þjóðlegri dyggð að

Við vitum að auglýsingar segja ekki beinlínis satt nema þá ef til vill með því að segja ósatt. En hér er um að ræða óvenju blygðunarlaus ósannindi – það er ekkert séríslenskt við „góðost“.

telja sér trú um að „góðostur“ sé betri eða kannski öllu heldur réttari en innfluttur „útlenskur“ og „óhrein“ ostur. Það er í sjálfu sér ekki áhyggjuefni að logið sé í auglýsingum en hitt er verra: að Mjólkursamsalan telji jarðveg fyrir slíka ímyndun.

Nú andar suðrið sæla...

Markaðsmennirnir virðast halda að íslenskum neytendum finnist eymennska vera dyggð, sækist eftir einangruninni, vilji íslenskan varning fremur en evrópskan, vilji höft; telji íslensku vatnsskinkuna hæfa þessari þjóð betur en danska eða spænska skinku. Er kannski svo komið hugarástandi landsmanna að þeir séu andvígir frjálsri verslun við Evrópulönd og vilji að einokunarfyrirtækin íslensku sjái bara um þetta allt saman, og verðleggja að vild sinni?

Kannski. En í rauninni er ósköp fátt sér- eða alíslenskt, og vandséð hvers vegna slíkt ætti að vera eftirsóknarvert. Þorrablótið var fundið upp í Naustinu seint á 20. öld. Lopapeysan er frá sömu öld og mynstrin bera vitni um hugkvæmni snjallra handverkskvæna við að flytja inn áhrif frá öðrum löndum. Annað þrýðisdæmi er rímnahefðin gamla sem okkur finnst vera þjóðlegust alls: hún verður til við samruna enskrar ljóðahefðar og suðurevrópskra frásagnarkvæða við heidið ljóðmál hér á landi svo að úr verður eitthvað alveg sérstakt. Jónas Hallgrímsson þurfti að vera í Kaupmannahöfn til að hefja sig upp fyrir döðann á Íslandi og koma auga á það farsældar frón sem hér væri þrátt fyrir allt og læra að gera sonnettur á borð við Ég bið að heilsa. Og þannig getum við gengið á röðina hvað varðar listgreinar og verkmenningu og almenn þjóðþrif; alger einangrun Íslands hefur alltaf leitt til stöðunar og deyfðar, skapað vítahring fátæktar og úrræðaleysis og þjóðin verið ofurseld fámennri yfirstétt sem hefur makað krókinn, ekki síst með einokunaraðstöðu við að selja fólki nauðþurftir. Þegar Ísland hefur hins vegar verið opið fyrir menningarlegum áhrifum og átt í frjálsum viðskiptum við nágrennaþjódir hefur myndast frjósamur jarðvegur hér á landi fyrir hugkvæmni á öllum sviðum og lífskjör hafa batnað; sem er ekki skrifitíð vegna þess að hér er gott að búa, sé allt með felldu. Gouda-osturinn er lostæti, enda er hann jafn útlenskur og hæg breytileg átt. Er hún ekki best? Hæg og breytileg? Og utan koma vindarnir góðu og færa okkur frá og vængjabyt í mildum þey en vindurinn sem við framleiðum sjálf og leysum getur orðið æði full.

AF NETINU

Óskúrað hjá fjölmiðlum

Fæstir taka mark á hefðbundnum fjölmiðlum og þeim fækkar ört. Stafar einkum af, að þeir hafa lengi ekki nennt að skúra hjá sér. Eigendur fjölmiðla þurfa að lýsa yfir, að fjölmiðlarnir starfi í þágu borgaranna. Ráði forstjóra, sem skilja það. Setji skýrar verklagsreglur á ritstjórn og birti þær. Lýsi yfir, að ritstjórnar ráði fréttum afskiptalaust. Blaðamönnum verði kennd síðfræði fjölmiðlunar. Ráðinn verði umboðsmaður lesenda á ritstjórnir. Nafnlaus tröll verði bönnuð í athugasemdum á vefsíðum sem annars staðar. Fyrsta skrefið til að endurreisa traust fjölmiðla er að hreinsa til og skúra síðan reglulega.

www.jonas.is

Jónas Kristjánsson

Tangarhöfði 2 og Skeifan 11d

Opnunartilboð Skíðabox

25%

afsláttur

af öllum Thule skíða og ferðaboxum

Opnunartilboðin gilda eingöngu í Tangarhöfða 2 og Skeifan 11d.

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

ALVÖRU VEFSÍÐUGERÐ

HTML - CSS - Photoshop - WP

Um námskeiðið:

Kennd verður vefsíðugerð frá grunni þar sem farið er ítarlega í HTML, CSS og Photoshop. Ennfremur er kennt á hið vinsæla vefum-sjónarkerfi Wordpress. Í lokin gera nemendur sína eigin vefsíðu frá grunni. Spennandi námskeið fyrir þá sem vilja verða sjálfbærir í vefsíðugerð.

Nánari upplýsingar er að finna á ntv.is

- **Lengd námskeiðs**
240 kennslustundir
Verð: 209.000
- **Helstu námsþættir**
Almennt um vefsíðugerð (6)
Myndvinnsla fyrir vefinn (48)
HTML og CSS (72)
WordPress (84)
Lokaverkefni (30)
- **Næsta námskeið**
Kvöldnámskeið hefst 30. ágúst

S A F T

KENNDU BARNINU ÞÍNU AÐ SKOÐA EFNI Á NETINU MEÐ GAGNRÝNUM HÆTTI

Drættir í heildarmynd óskast

Í stjórnáttum verða menn að sjá heildarmyndir og skoða margvísleg rök – ekki aðeins ræða þau sem henta einu sjónarmiði hverju sinni. Sé það ekki gert vaknar torþryggni og vantraust. Náttúrunytjar eru ein af undirstöðum samfélagsins. Brýnt er að menn læri af fortíðinni í þeim efnum og horfist í augu við framtíðina eins og gerst má sjá hana hverju sinni.

UMHVERFIS-VERND



Ari Trausti Guðmundsson rithöfundur og jarðeðlisfræðingur

Nýting orkulinda hefur að verulegu leyti byggst á orkufrekum iðnaði. Endalausar deilur vakna um raforkuverð, iðjuver, sæstreng og hvaða ár eða jarðhitasvæði megi virkja. Litlu hefur þar miðað til lendingar. Einfaldar staðreyndir heyrast varla, t.d. að 500-600 MW þurfi til að koma til móts við íbúapróun og hægán vöxt venjulegra umsvifa fram til 2050 – hvað þá ef framleiða á vistvænt eldsneyti fyrir samgöngur og flota. Með þessu er fátt eitt nefnt sem miklu máli skiptir um framvindu orkumála í landinu. Raforkuauðindir okkar næstu fjöru tíu árin eru afar takmarkaðar að öllu óbreyttu; innan við tvöföldun núverandi afls ef allt er til tekið – en sem ekki verður raungert vegna

margvíslegra sjónarmiða er þarf að setta. Þar hljóta að koma inn atriði eins og áhersla á innlenda nýtingu raforku til að framleiða t.d. mat, eldsneyti og hátækni-vörur. Þar duga stefnu-yfirlýsingar í skýrslum skammt.

Stærstu flotarnir

Stærsti bílafloki heims og stærsti fiskiskipafloki heims (miðað við höfðatölu) ásamt mörg hundruð vöru-flutningabílum, 800 þúsund tonna álframleiðsla á ári og útblástur jarðhitaorkuvera skipa Íslendingum á bekk með mengunarglöðustu þjóðum. Gildir þá einu þótt við losum aðeins einn þúsundasta af gróðurhúsalofttegundum heims. Deilur eða umræður um þá stöðu og úrbætur eru fremur hljóðar. Ástæðurnar eru nokkrar. Ein er sú að allt of margir hafa enn ekki gert sér fulla grein fyrir hve langt kolefnisbrennsla og gróðurhignun á heimsvísu hefur leitt mannkynið, hvað sem öllum náttúrulegum hita-sveiflum líður.

Allt of margir sjá ekki hve langt hlýnunin mun ná næstu áratugi, jafnvel þótt dregið verði úr gaslosun og hve fokdýrum vanda við verðum að taka á, bara í ljósi

sjávarborðshækkunarinnar. Allt of margir hér, en þó sérlega meðal stórbjóðanna, halda í þá talsýn að hlýnunin eigi sér náttúrulegar orsakir að mestu og fljótlega snúist þróunin við. Ekki einu sinni sú staðreynd að í fyrsta sinn á milljón árum gengur koltvísyrings-aukningin á undan hlýnun en verður ekki eftir meginhlýnunina eins og við náttúrulegar sveiflur. Heldur ekki sú staðreynd að árleg aukning gasmagnsins í lofti er hraðari en verið hefur á öðrum hlýninda-skeiðum í 800 þúsund ár og magnið að ná áður óþekktum hæðum. Pollyönnuleikur dugar skammt þegar alvaran er annars vegar.

Vissulega ber að virða og þakka tryggð Íslands, vegna starfa stjórnvalda og þá einkum umhverfisráðuneytsins, við Kyoto-bókunina – eins þótt sagan muni dæma hana sem lítills megnuga í heild, frá 1997, því miður. Samkomulagið var framlengt til 2020 í Doha, með átaki allmargra þjóða sem standa fyrir aðeins 15% losunar gróðurhúsalofttegunda. Þarna erum við meðal skynsamari þjóðanna, svo langt sem það nær.

Polmörkin

Íslendingar hafa skuldbundið sig til að minnka losun gasanna um 20%. Þá þarf meiri umræður, sam-

stöðu, skýr markmið, skilvirkar lausnir og skilning á að í raun verður að gera betur, bæði heima og heiman. Vonin um að þjóðir heims geri með sér bindandi losunarsamning sem innan þriggja ára er enn afar dauf.

Ég bendi á að inn í umræður um samdrátt við losun hér á landi verður að blanda hugmyndum eða áætlunum um leit og hugsanlega vinnslu dýrrar olíu norðan við Ísland, bæði á Drekasvæði (okkar torfa) og við Grænland (annarra torfur). Mikið vinnsludýpi á fyrrenefnda svæðinu og gríðarlegt rek stórra borgarísjaka við Austur-Grænland setja olíuvinnsluna í flokk óþolandi áhættuatriða, svo ekki sé minnst á önnur hæpin úrlausnarefni við gas- eða olíuvinnsluna, jafnvel kolavinnslu í norðrinu. En það allt er þó léttvægara en að ætla sér yfirhöfuð að halda áfram að brenna jarðefnaeldsneyti í auknum mæli næstu áratugi. Sannarlega liggja miklir peningar í norðurslóðaolíunni, ef hún er vinnanleg, en útilokað að láta eins og reynslan af rangri stefnu í náttúrunytjum (skógar, mýrar, síld, virkjunarstefna á öldinni sem leið o.s.frv.) kenni okkur ekki neitt. Skammstýn solumennska á heldur ekki við.

Finnist olía á norðurslóðum

→ Allt of margir sjá ekki hve langt hlýnunin mun ná næstu áratugi, jafnvel þótt dregið verði úr gaslosun og hve fokdýrum vanda við verðum að taka á, bara í ljósi sjávarborðshækkunarinnar.

og verði unnt að teygja þölmörk heimans til að vinna hana á fáeinum forsvaranlegum stöðum, má aðeins nota hana sem takmarkaða auðlind í efnaiðnaði. Þetta eiga að vera tímabundin skilaboð Íslendinga um leið og þeir stuðla áfram að samvinnu þjóða um nýtingu og siglingar á norðurslóðum.

Olíuleit er ekki sjálfvirk ávísun á vinnslu en ástand í loftslagsbeltum jarðar verður brátt sjálfvirkur loki á síaukna losun gróðurhúsalofttegunda, eins þótt ársmeðalhiti heimshækkis aðeins um 2 stig í stað 0,8 °C sem nú þegar valda viðtækum jákvæðum og neikvæðum umhverfisbreytingum. Meira að segja hörðustu efasemdarmenn í loftslagsmálum vita að þar liggja þölmörkin. Vanti einhvern hlutlægar upplýsingar um kolefnisbúskap jarðar má benda á nýja bók Sigurðar R. Gíslasonar: Kolefnis-hringrásin.

Sterar, brjóst og eistu – Morgunblaðið og New York Times

Nýlega birtust myndir of íturvöxnum karlmönnum með kvenbrjóst vegna steraáhrifa en af tillitssemi var ekki getið um „ræfilsleg“ og sennilega ófrjó eistu, svo notað sé þekkt hugtak. Varð um þetta nokkur umræða og undirritaður m.a. spurður um mannlát af völdum stera vegna fyrri afskipta af lyfjamálum. Svar mitt var ótvírætt: dauðsföll hafa orðið (og verða).

Steranotkun virðist nú útbreidd á Íslandi og segja unglingar frjálsliga frá tilboðum og vita um kunningja sem hafa tútnað út við æfingar. Virðist full ástæða til að fjalla um dapurlega stöðu lyfjafræðslu og eftirlits á landinu og rekja fyrir sögu.

Árið 1982 hófst á Íslandi bann við misnotkun lyfja í íþróttum og eftirlit með því með gagnkvæmum samingum milli Íþróttasambanda Norðurlanda. Kjarninn var samkvæmt reglum Alþjóðaólympíu-nefndarinnar (AÓN) en strangari. Eftirlit utan keppni hófst. Einstaklingur sem væri fundinn sekur í einni grein íþróttu væri þá útilokaður í öllum greinum á öllum Norðurlöndum. Líðakeppni mundi

LYFJA-MISNOTKUN



Birgir Guðjónsson sérfræðingur í lyflækningum og meltingarsjúkdómum og hefur verið virkur í íþróttahreyfingunni í yfir hálfu öld

alltaf tapast. Þetta voru ströngustu reglur í heiminum. Fræðsluefni var útbúið og því dreift. Árið 1984 féll fyrsti Íslendingurinn á lyfjaprófi og olli það mikilli hneykslun.

Árið 1991 undirritaði þáverandi utanríkisráðherra Íslands „Evrópusamning gegn misnotkun lyfja í íþróttum“. Í samningnum er vísað til samþykktar ráðherra á UNESCO fundi í Moskvu 1988 og fundar íþróttaráðherra í Reykjavík 1989. Í samningnum er m.a. kveðið á um upplýsinga-skyldu yfirvalda.

Hundskammaður

Árið 1993 urðu tveir íslenskir íþróttamenn úr kraftagreinum bráðkvaddir og reyndust báðir hafa verið með stera í líkams-sýnum. Annar var heimsþekktur einstaklingur. Erlendir fjölmiðlar birtu fregnir af láti hans. Meðal annarra birti fréttamaður London Times fréttina og ályktaði eins og fleiri að sterar væru orsök ein og þekkt var hjá einstaklingum í þessari grein íþróttu. Hann gjörþekkti heim lyfjamisnotkunar og var t.d. fyrirlesari á þingum

AÓN. Fréttamaðurinn fékk upphringingu frá sendiherra Íslands í London og var hundskammaður fyrir að birta slíkt nið um merkan Íslending.

Undirritaður kynnti lögreglu-yfirvöldum, mennta(íþrótt)- og dómstálaráðherra persónulega hvernig slíkt mál væru meðhöndluð á alþjóðavettvangi og hvaða þýðing birtar upplýsingar hefðu sem aðvörun til ungmenna. Ráðuneytisstjóra forsætisráðherra voru afhent ítarleg gögn. Ekkert gerðist. Mikil var undrun fréttamanns London Times þegar hann frétti af á heiðursminningalista í bók um íþróttamanninn var nafn forseta Íslands efst og einnig forsætisráðherra og utanríkisráðherra. Hann þekkti ekki til þess að íþróttamaður sem létist vegna lyfjamisnotkunar væri hyltur af æðstu yfirvöldum og taldi þetta fréttæmt.

Með stuðningi AÓN voru hér á landi hafin námskeið um íþróttalæknisfræði árið 1992 og áhersla m.a. lögð á lyfjamisnotkun. Þau urðu fimm á 10 ára tímabili og voru sótt af um 400 einstaklingum þ.á.m. læknur, þjálfurum og íþróttamönnum. Jákvæð sýni fundust af og til við prófanir og voru afgreidd umtölulaust samkvæmt löngu mótuðum reglum og starfs-

ferlum ÍSÍ án nokkurra mótmæla eða afskipta íþróttaförustunnar eða utanaðkomandi aðila.

Sakaður um klaufaskap

Þetta breyttist árið 2001. Þá fannst jákvætt sýni hjá einstaklingi úr félagi þáverandi forseta ÍSÍ, fyrirlíða félagsliðs sem og landsliðs. Skorti á upplýsingum var borið við. Hófst nú mikil íhlutun forseta og fylgildi og formanns viðkomandi sérsambands, núverandi forseta ÍSÍ. Ekki minnkaði það við að viðkomandi einstaklingur var tengdur forstjóra fyrirtækis sem hafði lofað að greina orsakir allra sjúkdóma mannkyns og finna lausnir. Lögræðideild fyrirtækisins var sett í málið. Fyrirtækið er nú fjárvana, hlutafé almennings tapað, engin lyf á sjóndeildarhringnum og fyrirtækið selt erlendum aðilum. Ef nafn fyrirtækisins gleymist má sjá það á málskjöllum sendum með faxi frá fyrirtækinu.

Undirritaður sem sat í Læknaneft Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins, var formaður þriggja laganefta íþróttahreyfingarinnar og hafði stjórnað lyfjaeftirliti á Heimsmeistaramótum og Smáþjóðaleikum var ásakadur um klaufaskap og fáfræði um lyfja-reglur. Eins og gerist í gjörspilltum þjóðfélögum höfðu þessir aðilar

→ Steranotkun virðist nú útbreidd á Íslandi og segja unglingar frjálsliga frá tilboðum og vita um kunningja sem hafa tútnað út við æfingar.

betur þrátt fyrir skýra skjalfesta afstöðu Alþjóðaólympíu-nefndarinnar og viðkomandi alþjóðasérsambands. Með þessu lauk trúverðugu lyfjaeftirliti á Íslandi og fræðslu um íþróttalæknisfræði. Verður fróðlegt að sjá hvort nýr erlendir eigandi fyrirtækisins að heilsufarsupplýsingum Íslendinga verði jafn áhrifamikill.

Brandari sl. árs var baksíða Morgunblaðsins 31. desember, þar sem blaðið hælir sér af samstarfi við New York Times. Ég hef lesið það blað nánast daglega frá febrúar 1966. Fáir fjölmiðlar hafa barist jafn ótullega gegn lyfjamisnotkun. Á baksíðu Morgunblaðsins eru myndir af þeim tveimur sem hvað öflugast hafa grafið undan baráttunni við lyfjamisnotkun á Íslandi. Ég umorða ummæli Lloyd Bentsen þegar Dan Quayle líkti sér við John F. Kennedy í kappæðum varaforsætisnefndinni 1988 og segi við Moggann: You are no New York Times.



Kia Sportage EX

Árgerð 2012, 136 hestafla dísilvél, sjálfskiptur, 4x4, ekinn 30.000 km, 6 ár eftir af ábyrgð.

Álfelgur, aksturstölv, hraðastillir, hiti í öllum sætum, loftkæling, fjarstýrðar samlæsingar, þjófavörn og margt fleira. Eyðir aðeins 6,9 l/100 km í blönduðum akstri.*

► Verð: 5.590.000 kr.

Mánaðarleg afborgun: 36.000 kr.**

*Skv. uppgæfnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

**Miðað við 3.500.000 kr. útborgun í peningum eða með uppþökubíl ásamt láni frá ERGO til 84 mánaða. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 11,64%. Vextir: 9,70%.

ergo

Gæða-bíll

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR

Kletthálsi 2 · Sími 590 2160 · notadir.is

Opið frá kl.10-18

ASKJA

ÚTSALA ÚTSALA

15%-50% AFSLÁTTUR

NATURE'S REST heilsurúm

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Frábærar kantstyrkingar
- Gegnheilar víðarlappir
- 320 gormar pr fm²

160 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 91.200

Verð 114.900

180 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 107.920

Verð 127.900



C&J stillanlegt heilsurúm

með Shape dýnu

2 x 90 x 200 cm.

Kr. 339.830

Verð 399.800



Charlotte & Julien

- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- Hliðar- og enda-stoppur svo dýnur færast ekki í sundur
- Botn er sérstaklega hannaður fyrir Shape heilsudýnur
- Val um lappir með hjólum eða töppum
- 5 ára ábyrgð



CAROLINE sófasett

Caroline 3ja sæta sófi. Stærð: 215 x 100 cm

Aðeins kr. 152.915 Verð 179.900

Caroline 2ja sæta sófi: Stærð: 154 x 100 cm

Aðeins kr. 135.915 Verð 159.900

Caroline stóll. Særð: 100 x 100 cm

Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900



Í DORMA AMERÍSKIR SÓFAR



DARCY hornsófi

Stærð: 255 x 255 x 95 cm

Aðeins kr. 212.415 Verð 249.900



DARCY sófasett

DARCY 3ja sæta sófi. Stærð: 220 x 95 cm

Aðeins kr. 118.915 Verð 139.900

DARCY 2ja sæta sófi: Stærð: 165 x 95 cm

Aðeins kr. 93.415 Verð 109.900

DARCY stóll. Særð: 115 x 95 cm

Aðeins kr. 84.915 Verð 99.900

DARCY fest í tveimur litum: Bronse og grænum

SHAPE heilsudýna



VERÐDÆMI

180 x 200 cm.

Aðeins

Kr. 110.415

Verð 129.900



Aukahlutir á mynd botn, lappir og gaff

COMO tungusófi



Stærð Br. 267 cm D. 88/159 cm H. 85 cm. Tveir litir

Skemill kr. 29.900

Verð 39.900



Útlitsgallaðir COMO tungusófar

Aðeins kr. 99.900

Verð 169.900

GENOVA svefnsófi



Stærð: 218 x 95 cm Litur Ljós- og dökkgrátt áklæði

Aðeins kr. 111.450

Verð 222.900



FLORIDA tungusófi




Stærð: 250 x 140 cm H. 71 cm. Litur grátt

Verð 149.900



Aðeins kr. 127.415

MONTORIO svefnsófi



Stærð: Br. 159 cm. D. 208 cm H. 65,5 cm.

Aðeins kr. 84.915

Verð 99.900



SABRINA sófasett



3 + 2 sófasett

Tilboð 71.950

Verð 143.900




3ja sæta br. 190 cm 2ja sæta br. 145 cm

SHAPE heilsukoddar

Shape Classic

kr. 4.130

Verð 5.900



Péttur



Shape Original

kr. 6.230

Verð 8.900



Stuðningslag

DORMA sængurver

Verð frá kr. 5.592



OPÍÐ Holtagörðum

Virka daga kl. 10-18

Laugardaga kl. 11-16

Sunnud.aga kl. 13-16

DORMA



- býður góða nótt

Pöntunarsími 512 6800

www.dorma.is

Nokkur orð um sögulegar staðreyndir

Hallur Hallsson, fyrrum blaðamaður, skrifaði í byrjun janúar grein í Fréttablaðið um Evrópumál, í breiðum skilningi þess orðs (Af Einstein og spunarokkum). Grein hans fer um víðan völlu, svo víðan að nokkuð erfitt er að átta sig á því um hvað þessi grein raunverulega er.

En Hallur var með henni að vekja athygli á endurskrifaðri útgáfu af bók sinni, Váfugl, sem að mér skilst varar sterklega við Evrópusambandinu. Hallur er á móti því, vegna þess að hann telur að ESB sé að breytast í „stórríki“ (eins og ég skil hann).

ESB á sér sína sögu, eins og margir aðrir hlutir og það verður til þegar seinni heimsstyrjöld hefur skilið Evrópu (og nánast heiminn allan) eftir sem rjúkandi rúst. Það hefur því verið áratugi í þróun og er enn í þróun – það stendur í raun aldrei í stað.

Þegar verið er að fjalla um sögu og sagnfræði er það grundvallarkrafa að menn hafi staðreyndir á hreinu. Í grein sinni segir Hallur til dæmis að Adolf Hitler hafi rænt völdum í Þýskalandi. Það er hins vegar ekki rétt. Hitler reyndi árið 1923 að framkvæma „Björkjallarabyltinguna“ svokölluðu, en hún mistókst. Hann komst hins vegar til valda í kjölfar lýðræðislega kosninga í nóvember árið 1932, tæpum áratug síðar. Aðallega vegna þess að andstæðingar hans voru sundraðir. Þann 30. janúar árið 1933 skipaði hann aldri þýski kanslari, Paul von Hindenburg, Adolf Hitler eftirmann sinn. Á næstu mánuðum bannaði Hitler svo smám saman starfsemi verkalyðshreyfinga og annarra stjórnmálaafna. Með þessum hætti náði Adolf Hitler algerum völdum og afnam þar með allt sem hét lýðræði í Þýskalandi. Hér er því ekki um eiginlegt valdarán að ræða. Í framhaldi af því stóð hann svo fyrir versta glæp mannkynsögunnar, Helförinni, og byrjaði reyndar strax árið 1933 að

ESB



Gunnar Hólmsteinn Ársælssson
stjórnmálafræðingur

→ Þegar verið er að fjalla um sögu og sagnfræði er það grundvallarkrafa að menn hafi staðreyndir á hreinu.

senda pólitíska andstæðinga og aðra „óæskilega“ í þrælkunarúðir.

Fríðsamleg samvinna

ESB hlaut friðarverðlaun Nóbels fyrir skömmu. Í kjölfar þeirra efnahagslegu hamfara sem dunið hafa á Evrópu og umheiminum síðan 2008 hlýtur það að teljast nokkuð afrek að ekki hafi komið til vopnaðra átaka milli landa Evrópu vegna þessa. Hvernig viðbrögðin hefðu verið ef ESB-samvinna 27 lýðræðisþjóða hefði ekki verið til staðar er erfitt um að spá. En þó verður að teljast líklegt að menn hefðu gripið til hvers kyns verndaraðgerða, tollamála og þess háttar. Og þá er ekki ólíklegt að hitnað hefði í kolunum. En allar götur frá 2008 hafa viðskipti gengið fyrir sig með eðlilegum hætti í Evrópu. Smám saman hafa leiðtogar ESB-ríkjanna náð að vinna á vandanum og eru að því enn. Og formið er; fríðsamleg samvinna, en ekki vopnaskak.

Hins vegar er seinni heimsstyrjöldin gott dæmi um það hvernig menn (ekki bara Adolf Hitler) ætluðu sér að leysa efnahagsleg vandamál (s.s. atvinnuleysi) og fá útrás fyrir persónulegan metnað, með styrjaldarrekstri. Gegn þessu er ESB meðal annars beint og sú friðarhugsjón sem er ein af grundvallarhugmyndum ESB, á sér skýrar sögulegar rætur.

Það er svo mikið umhugsunar-efni hvernig á síðustu misserum andstæðingar ESB hér á landi reyna endurtekið að tengja ESB við nasisma og þriðja ríki Adolfs Hitlers. Eða Sovétríki kommúnismans. Sem er alger fjarstæða og sýnir á hversu lágt plan umræða um Evrópumál getur farið hér á landi.

Málsmeðferð Landlæknisembættisins

HEILBRIGÐISMÁL



Hallgrímur Georgsson
matreiðslumaður



Sigurbjörg Marteinsdóttir
hjúkrunarfræðingur

29. desember 2012 birtist í Fréttablaðinu grein eftir Geir Gunnlaugsson landlækni og Önnu B. Aradóttur, sviðstjóra Landlæknisembættisins. Þar leitast þau við að svara grein Árna R. Arnasonar um málsmeðferð embættisins.

Við hjónin höfum staðið í fjögurra ára baráttu við kerfið eftir vanrækslu og ótilhlýðilega hegðun á Landspítala Háskólasjúkrahúsi á árunum 2004 og aftur 2008-10. Reynolds okkar af stjórnsýslunni er hræðileg og það er virkilega sárt að lesa það sem Geir og Anna leggja á borð fyrir almenning með þessari grein sinni. Það getur vel verið að allt sem þau skrifa standist þau lög sem gilda um kvörtunarmál en reynsla sjúklinga og aðstandenda er allt önnur. Það er því mikilvægt að umræðan fari fram á réttum forsendum.

Geir vísar til dæmis í lög þegar hann skilgreinir orðið „málsmeðferð“. Hann vill túlka orðið þannig að efnisleg málsmeðferð kvörtunarmála sé ekki kæránleg til ráðherra. Eingöngu sé hægt að setja út á lögfræðilega málsmeðferð embættisins. Hvar stendur það í lögum að hægt sé að túlka málsmeðferð á þennan hátt? Reynolds okkar sýnir að rannsóknarvinna landlæknis snýst um að meta valin gögn sem berast frá læknum/stofnum varðandi kvörtunarmál sjúklinga. Engin rannsókn fer fram heldur handfjatla allir sömu völdu pappírana sem búið er að ákveða að vinna með. Málsmeðferð land-

læknis virðist því ekkert flóknari en það og því ljóst að mikilvægt er að almenningur hafi tækifæri til að kæra efnislegar niðurstöður landlæknis til ráðherra.

Mannréttindabrotin sem Árni vitnar til í sinni grein gæti meðal annars verið þessi túlkun landlæknis á orðinu málsmeðferð. Ef það reynist rétt og landlæknir getur bent á lög eða reglur í þessu sambandi þarf það að verða fyrsta verk alþingismanna að taka þetta afdrifaríka vald af embættinu. Í skjóli þessarar túlkunar kemst landlæknir nefnilega upp með að vinna ekki eftir 10. grein stjórnsýslulaganna sem hljóðar svo: Stjórnvald skal sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því.

Engin ábyrgð

Landlæknir vísar einnig til þess í greininni að hann geti fengið óháða aðila til að meta mál fyrir sig og varar landsmenn við að styggja þá ekki með álíka umfjöllun og Árni gerði með sinni grein. Hvernig fer val á óháðum aðilum fram og hver er ábyrgð þessara aðila? Málið er einfalt. Landlæknir ákveður hver er óháður og ábyrgðin er engin. Þeir sem eru valdir af landlækni fá sömu völdu pappírana til að meta og geta þar af leiðandi ekki komist að annarri niðurstöðu en búið var að ákveða. Gott dæmi um þetta er mál sem tekið var fyrir í Kastljósi og fjallaði um alvarlegar afleiðingar brunamedferðar á LSH. Þar voru valin gögn send til læknis í Svþjóð sem síðar dró ályktun sína til baka eftir að upp komst. Annað dæmi sem við getum vísað til er mál sem við sendum landlækni í janúar 2009. Enginn utanaðkomandi aðili var fenginn heldur mat yfirlæknir hjá embættinu málið þrátt fyrir að starfækja stofu við hliðina á stofu kvörtunarþola. Vegna þessara tengsla er landlæknir því vanhæfur í málinu að okkar mati. Ráðherra sá aftur á móti ekkert athugavert

→ Hvernig fer val á óháðum aðilum fram og hver er ábyrgð þessara aðila? Málið er einfalt. Landlæknir ákveður hver sé óháður og ábyrgðin er engin.

við meint vanhæfi landlæknis. Allt þetta ferli var unnið með valin gögn og þeim sem við töldum sanna mál okkar var einfaldlega sleppt og síðar var niðurstöðu rannsóknar eytt á LSH. Flokkast þessi vinnubrögð undir faglegra málsmeðferð? Líklega ekki en því miður eru svona vinnubrögð undirstaða margra dómsmála.

Um 100 bréf

Um 100 bréf fóru milli okkar og LSH, landlæknis, ráðherra og síðan umboðsmanns Alþingis þessi fjögur ár sem málsmeðferðin tók. Margt áhugavert má þar sjá, meðal annars að landlæknir velur hvaða kvartanir hann vill taka til skoðunar, gögnum er eytt með leyfi embættisins, dagsetningum breytt, staðreyndir afbakaðar, endalaust snúið út úr og málið flækt. Einfalt mál verður því snögglega að risamáli þar sem fyrir löngu er búið að tyna sjúklingnum. Umboðsmaður ályktaði í málinu í ágúst sl. Í framhaldinu var ákveðið að starfsmenn kvörtunardeildar landlæknis og eftirlitsdeildar velferðarráðherra færu í heild sinni á stjórnsýslunámskeið hjá forsætisráðuneytinu. Það segir töluvert um „fagleg“ vinnubrögð þessara starfsmanna. Það þarf miklu róttækara ferli að fara af stað og tókum við því heilshugar undir orð Árna um mikilvægi endurskoðunar á starfsmannamálum innan stjórnsýslunnar. Það er allt of kostnaðarsamt að hafa sýsluna stútfulla af starfsfólki sem hefur ekkert annað að gera en kvitta undir valin gögn sem því berast. Stjórnsýslunámskeið hjálpar nefnilega ekkert til með þetta atriði.

Athugasemd við athugasemd Dróma

Þann 24.12. sl. birtist Drómi athugasemd í Fréttablaðinu við opnu bréfi Hafðísar Óskarsdóttur til alþingismanna 18. desember sl. í sama blaði.

Hér með vil ég undirritað, Hafðís Óskarsdóttir, svara þeirri athugasemd þar sem ég er sögð í veigamiklum atriðum ekki fara með rétt mál. Því er ég alls ekki sammála. Veigamestu atriðin eru eftirfarandi:

1) Hafði ég skriflega samband við Dróma vegna minna mála og boðsendi ég þau bréf persónulega?

Svar: Já
Fékk ég svar/svör við þeim bréfum, með einum eða öðrum hætti?

Svar: Nei
2) Bað ég um málamiðlun, að fá að greiða 5.000 kr. mánaðarlega af hverri milljón sem hvíldi á eign minni, þangað til mál yrðu til lykta leidd?

Svar: Já
Fékk ég svar, með einum eða öðrum hætti?

Svar: Nei
3) Átti eign mín að fara á nauðungaruppböð vegna þess að ég sætti mig ekki við þær 4 greiðsluleiðir sem allar voru einhliða samningar frá hendi Dróma og báru allar afturvirka vexti, athugið þrátt fyrir fyrrgreinda beiðni mína um málamiðlun?

Svar: Já
Hafði Drómi fyrir því að láta undirritaða vita að fallið hefði verið frá nauðungaruppböði, eftir að dómur Hæstaréttar féll í öðru gengislánamáli?

Svar: Nei
Það er staðföst trú mín að veiga-

FJÁRMÁL



Hafðís Óskarsdóttir
starfsmaður
Umhverfissviðs í
Mosfellsbæ

mestu atriðin séu þau sem eru hér ofanskráð. Eg fer ekki með fleipur. Það er líka staðföst trú mín að samskipti við bankastofnun heldur en Dróma hefðu orðið persónulegri og gagnkvæmari, farsælli kostur en raun ber vitni í mínum málum, sem og margra annarra. Í kjölfar fyrri skrifa minna hef ég verið beðin um, af hendi Dróma, að aflétta bankaleynd af upplýsingum um mín skuldamáli. Eg kys að gera það ekki. Í ljósi fyrri samskipta við Dróma, hef ég bara einfaldlega hvorki löngun né geð til þess. Eg tel mig líka hafa afhjúpað sjálfa mig og mín skuldamáli nóg, enda hef ég ekkert að fela í þeim efnum. Eg geri það einvörðungu vegna þess að mér finnst tími til kominn að óréttlætinni fylgi uppgjör, þ.e. að óhlutdrægur endurúrreikningur verði gerður á ölgmætum gengistryggðum lánum hjá Dróma. Af hverju skyldi ég t.a.m. sætta mig við að velja eina af fyrrgreindum leiðum, sem Drómi er enn að bjóða upp á, þegar ljóst er að þær standast ekki lög? Af hverju kemst Drómi upp með að fara ekki eftir dómun Hæstaréttar og endurreikna lánin án frekari málalenginga? Eigum við sem lentum hjá slitastjórn Dróma að sætta okkur við það?

Til að undirstrika enn frekar óviðunandi starfshætti Dróma vil ég koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri: Í netpósti frá Dróma nú á dögunum, þar sem ég er beðin um að aflétta bankaleynd, er mér tjáð að veðskuldabréfið mitt sé hvorki í vörslu Frjálsa né Dróma,

→ Það er líka staðföst trú mín að samskipti við bankastofnun heldur en Dróma hefðu orðið persónulegri og gagnkvæmari, farsælli kostur en raun ber vitni í mínum málum, sem og margra annarra.

heldur sé það komið til þriðja aðila frá því um mitt síðasta ár 2012. Eg spyr:

1) Er það ekki réttur skuldarans að vita í hvers vörslu lán hans er og fá upplýsingar strax um slíkar tilfæringar?

2) Hvers vegna í ósköpunum er Drómi þá að rukka greiðslur af láni mínu nú í haust 2012, sem hann seldi um sumarið sama ár? Ég spurðist fyrir um það hver vörsluaðili láns míns væri en þeirri fyrirspurn er enn ósvarað af hendi Dróma.

Að lokum:

Í Speglinum á RÚV rétt fyrir jólin talaði Hlynur Jónsson, formaður slitastjórnar, um háværar raddir gegn Dróma og hvað þær hefðu greiðan aðgang að fjölmiðlum. Af því tilefni langar mig persónulega að segja við þig, Hlynur Jónsson: „Fólki er frjálst að tjá sig um það sem miður fer í þjóðfélaginu, ég tala nú ekki um sé brotið á mannréttindum þess skv. stjórnarskránni og sem betur fer getur fólk komið erindum sínum á framfæri við fjölmiðla. Við höfum jú heldur ekki öll efni á, sem einstaklingar, að auglýsa hvort heldur eigið ágæti eða meint óréttlæti, sem við verðum að þola, með heilsöu-auglýsingum.“

Purell Taktu PURELL® með hvert sem þú ferð!

HEALTHY HANDS START HERE

PURELL®
- froðu handsóttireinsir 45 ml

Kauptu 2 stk og þú færð beltisfestingu í kaupbæti!

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

1992 - Rekstrarvörur - 2012

30 ára vinna með þér

Mikilvægi

Mikilvægasta máltíð dagsins.

Rannsóknir sýna að þeir sem hefja daginn á að borða morgunmat ná betri árangri í námi og starfi og eiga auðveldara með að halda þyngdinni í skefjum en þeir sem sleppa morgunmatnum. Morgunverðurinn þarf samt ekki að vera margbrotinn eða flókinn málsverður.



Meiri kraftur, meiri vellíðan.

Cheerios er trefjaríkt, sykurlítið morgunkorn, unnið úr heilum höfrum, hlaðið kolvetnum, orku og uppbyggjandi hollustu. Í hverri skeið eru lífsnauðsynleg næringar efni og fyrirheit um aukinn kraft og meiri líkamlega vellíðan.

Hin skoska nótt Burns á Kex Hostel



ÞJÓÐSKÁLD
Skoska ljóðskáldið Robert Burns á sér marga aðdáendur hér á landi eins og í heimalandinu.

Kex Hostel mun halda hina árlegu skosku stórhátíð Burns Night í annað sinn helgina 24. til 26. janúar næstkomandi í samstarfi við Vífilfell og Ícelandair. Nótt Burns er haldin ár hvert á fæðingardegi skoska þjóðskáldsins Robert Burns og er fagnað með skoskum mat, drykk, tónlist og að sjálf-sögðu ljóðlist Roberts Burns. Kex Hostel hefur í samstarfi við Benna Hemm Hemm boðið skosku tónlistarmönnum Alasdair Roberts og Bill Wells ásamt hljómsveit til Íslands ásamt sekkjapípuleikaranum Barnaby Brown. Munu þeir sjá um að haldið sé fast í hefðirnar á nótt Burns og að allt fari fram í samræmi við lög og reglur. Þeir munu svo skemmta matargestum með tónlist sinni frá fimmtudegi til laugardagskvölds milli 20 og 23.

Ungir einleikarar leika með Sinfóníunni

Söngvari, píanóleikari, fiðluleikari og sellóleikari, sigurvegararnir í keppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskólans meðal ungra einleikara á háskólastigi, munu stíga á svið með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborgarsal Hörpu annað kvöld.

Þetta er keppni sem fer fram meðal ungra einleikara um að koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur verið haldin undanfarin ár í samvinnu við Listaháskólann,“ segir Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, beðin að útskýra fyrirkomulag keppninnar. „Keppnin er opin nemendum á háskólastigi frá öllum tónlistarskólum landsins og fór að þessu sinni fram í Listaháskólanum í lok október.“

Alls tóku tíu nemendur þátt í keppninni að þessu sinni en dómnefnd, skipuð valinkunnu tónlistarfólki undir forsæti Karólínu Lárusdóttur tónskálds, valdi fjóra sigurvegara til að koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni í Eldborgarsal Hörpu. Tveir sigurvegaranna stunda nám við Tónlistarskólann í Reykjavík, einn við Listaháskólann og einn við Söngskólann í Reykjavík. Þau sem báru sigur úr býtum og koma fram með Sinfóníuhljómsveitinni annað kvöld eru Einar Bjartur Egilsson píanóleikari, Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir sellóleikari, Sólveig Steinþórsdóttir fiðluleikari og Unnsteinn Árnason söngvari.

FRÆDSLUSTJÓRINN
Hjördís Ástráðsdóttir segir þessa tónleika ávallt afar ánægjulega.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Steinþórsdóttir fiðluleikari og Unnsteinn Árnason söngvari.

„Þau kepptu um það að fá að flytja einleikskonsert með hljómsveitinni og munu öll gera það nema Unnsteinn, sem þess í stað syngur þrjár ariur,“ segir Hjördís. „Það helgast auðvitað af því að sönglög eru mun styttri en hljómsveitarkonsertar ef einhver er að velta því fyrir sér hvers vegna söngvarinn fái að flytja fleiri verk en hin.“

Hjördís segir þessa tónleika alltaf sérlega skemmtilega og miðaverði sé háttáð þannig að auðvelt eigi að vera fyrir ungt tónlistaráhugað fólk að sækja þá. „Það er stór stund þegar vinningshafar stíga á svið með hljómsveitinni og á þessum tónleikum ríkir ávallt eftirvænting og gleði yfir þeim krafti sem býr í unga tónlistarfólkinu okkar,“ segir hún. „Sinfóníuhljómsveitin og Listaháskóli Íslands leiða saman hesta sína og styðja við okkar efnilegasta tónlistarfólk á leið þess inn í heim atvinnuennskunnar. Á sama tíma fá áheyrendur tækifæri til að fylgjast með þroska og framförum þessa unga listafólks.“

fridrikab@frettabladid.is



SIGURVEGARARNIR Sólveig Steinþórsdóttir, Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, Unnsteinn Árnason og Einar Bjartur Egilsson leika með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Eldborg annað kvöld.

Einleikarar og efnisskrá

Einar Bjartur Egilsson, píanó
Francis Poulenc – Konsert fyrir píanó og hljómsveit

Unnsteinn Árnason, söngur
Händel – The trumpets shall sound úr Messías
W. A. Mozart – La vendetta aría Bartolo úr Brúðkaupi Figarós
Jón Leifs – Máninn líður

Sólveig Steinþórsdóttir, fiðla
Tsjajkovskíj – Konsert fyrir fiðlu og hljómsveit í D-dúr, op. 35

Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, selló
Schumann – Konsert fyrir selló og hljómsveit í a-moll, op. 129

Stjórnandi: Bernharður Wilkinson
Tónleikarnir verða þriðjudaginn 15. janúar í Eldborgarsal Hörpu og hefjast kl. 19.30.

PETTA GERÐIST 14. JANÚAR 1976: ÓLAFUR JÓHANN SIGURÐSSON VERÐLAUNAÐUR

Fékk fimmtíu þúsund danskar

Ólafur Jóhann Sigurðsson, skáld og rit höfundur, hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs, fyrstur Íslendinga. Það gerðist 14. janúar árið 1976 að nefnd sú sem úthlutaði verðlauninum kunngjörði þá ákvörðun sína að veita honum þau fyrir ljóðabækunar Að laufferjum og Að brunnum. Verðlaunabækurnar höfðu komið út í einni bók í sænskri þýðingu Inge Knutsson undir titlinum Du minns en brunn.

Verðlaunaupphæðin nam 50 þúsund dönskum krónum. Úthlutunarnefndin rökstuddi ákvörðun sína meðal annars með því að segja að í ljóðrænni list og boðskap Ólafs Jóhanns sameinaðist norræn hefð og ljóðgerð vitund skáldsins um hinn flókna vanda mannsins í nútímanum.

Þeim vanda lýsti skáldið í ljóðum sínum sem tragískri andstæðu náttúrunnar og hins tæknivædda þjóðfélags.

Ólafur Jóhann fæddist 26. september 1918 og gaf út sína fyrstu bók á árinu 1934. Útgefin verk eftir hann eru fimm smásögur, sex skáldsögur, tvær smáskáldsögur, fjórar barnabækur og fjögur ljóðasöfn. Þekktustu verk hans, að fyrrnefndum ljóðabókum frátöldum, eru skáldsögurnar um Pál Jónsson blaðamann, Gangvirkið, Seiður og hélog og Drekar og smáfuglar. Þrífleikurinn um Pál er af mörgum talinn eitt af meginverkum íslenskra raunsæisbókmennta á tuttugustu öld.

Ritverk Ólafs Jóhanns hafa verið þýdd á átján tungumál. Hann lést 30. júlí 1988.



Ég, Ólöf Erna Ólafsdóttir

ofurkona með meiru, er nú orðin fimmtug, falleg, frábær og flott kona.

Afmæliskefjur og fallegar gjafir fá hlýjar móttökur á þessum dásamlegu tímamótum.

Er með opinn talsmann 695-1201 og heima víð, með heitt á könnunni út vikuna fyrir þá sem vilja gleðjast með mér á þessum einstöku tímamótum.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

AUÐUNN BRAGI SVEINSSON
Hjarðarhaga 28, Reykjavík,

lést miðvikudaginn 2. janúar.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey.



Sveinn Auðunsson
Kristín Auðunsdóttir
Ólafur Þórir Auðunsson
og barnabörn og barnabarnabörn.

Erika Steinmann
Haukur Ágústsson
Helena Stefánsdóttir



Innilegar þakkir fyrir hlýju og vinarhug vegna andláts og útfarar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

ÖNNU HELGADÓTTUR
Bogasíðu 6, Akureyri.

Stuðningur ykkar var okkur mikill styrkur.



Helga Barðadóttir
Hákon og Kári
Þórný Barðadóttir
Aðalheiður Anna og Barði Þór
Þórhallur Barðason
Brynhildur Þorbjörg

Gunnar Örn Ingólfsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

GUNNLAUG SIGURBJÖRG
SIGURÐARÓTTIR
(BOGGA MUNDA VALDA GARÐS)
áður til heimilis að Bárustíg 3,
Sauðárkróki,

sem lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki 7. janúar, verður jarðsöngin frá Sauðárkróskirkju þriðjudaginn 15. janúar klukkan 14.00. Þeim sem vildu minnst hennar er bent á Heilbrigðisstofnunina á Sauðárkróki.

Margrét N. Guðmundsdóttir
Guðlaug I. Guðmundsdóttir
og barnabörn, makar og langömmustelpurnar.

Rafn Benediktsson
Steinn Elmar Árnason



WWW.KVEDJA.IS

Útvararstofa
SVAFARS & HERMANNSS



Virding Reynsla & Þjónusta
Allan solarhringinn



571 8222 · 820 3939 SVAFAR · 820 3938 HERMANN

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GÓÐ LYKT Í HÚSIÐ

Nú er kertatími og flestir vilja eiga kósikvöld á dimmum vetrarkvöldum. Ljúft er að kveikja á ilmkerti og fá notalega lykt í húsið, hjúfra sig undir teppi og lesa jólabók.



GEZE

Hawa

Glerveggjakerfi fyrir skrifstofurými Brautir og festingar í úrvali.

JARN&GLER

Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is



GERA UPP GAMALT

HÚSGÖGN Þær Berglind, Guðrún og Ingibjörg kynntust í smíðanámi í VMA og létu sameiginlegan draum rætast. Þær opnuðu verkstæði síðastliðið vor.

Við gerum upp húsgögn," segir Ingibjörg Björnsdóttir, sem ásamt Berglinni Júdíth Jónasdóttur og Guðrúnu Eyjólfsdóttir rekur verkstæðið Muþlur á Akureyri. Berglind er húsa- og húsgagnasmíður en Ingibjörg og Guðrún eru að læra húsgagnasmíði í VMA. Þær kynntust í skólanum og þar kviknaði hugmyndin að samstarfi.

„Við stofnuðum Muþlur síðasta vor og fyrsta stóra verkefnið okkar var að gera upp gömul Valbjarkarhúsgögn fyrir kaffihúsið Café Björk, í Lystigarðinum á Akureyri," segir Ingibjörg. „Við bæði kaupum gömul húsgögn sem við gerum upp og seljum sjálfar en gerum líka upp húsgögn fyrir fólk.“

Fyrirtæki þeirra vinkvennanna er eina húsgagnaverkstæðið á Akureyri. Sjálfa hafði Ingibjörgu dreynt um að gerast smíður frá því hún var unglingur og ólst upp við smíði í fjölskyldunni. „Frænka mín var húsgagnasmíður og átti smíðaverkstæði og afi smíðaði alltaf mikið. Þabbar okkar allra eru smíðir svo þetta hefur blundað í

okkur lengi," segir Ingibjörg. „Þetta er rosalega skemmtilegt. Aðalvinnutækin okkar eru sandpappír og viðarolia eða lakk en við erum eingöngu að færa húsgögnin aftur í upprunalegt horf. Við erum ekkert í því að mála. Við höfum aftur á móti hreinsað burt málningu af viðarhúsgögnum," segir Ingibjörg spök og segir tilfinninguna frábæra þegar afraksturinn komi í ljós.

„Ég var til dæmis að gera upp hátt í þrjúhundruð ára gamla kaþólska kirkjustóla um daginn og eftir lá eitt kíló af vaxi á gólfinu þegar ég var búin. Stólarnir urðu rosalega fallegir eftir.“

bæði meira hrollvekjandi og dramatískari en ella og áhorfendur mega búast við því að fá reglulega „eithvað í augað“. Tónlistin er þó heldur yfirgengileg á köflum, og keyrir væmnina fram úr hófi. Nægur er harmurinn fyrir.

Haukur Viðar Alfreðsson

NIÐURSTAÐA: Mikilfengleg og hrollvekjandi. Leikhópurinn fær hæstu einkunn.

Raunsæ og óvæmin ástarsaga

BÍÓ ★★★★★

Ryð og bein (De rouille et d'os)

Leikstjórn: Jacques Audiard. Leikarar: Marion Cotillard, Matthias Schoenaerts, Armand Verdure og Corinne Masiero.

Kvikmyndin Ryð og bein er byggð á smásögusafni kanadíska rithöfundarins Craig Davidson og segir frá sambandi Stéphanie, sem starfar sem hvalatemjari, og Ali, einstæðum föður sem fær aukatekjur með því að keppa í ólöglegum hnefaleikum.

Stéphanie missir báða fæturna í vinnuslysi og glímur við þunglyndi í kjölfar slyssins. Hún leitar huggunar og stuðnings hjá hinum ófemna og hispurslausu Ali og með tíð og tíma þróað vináttu þeirra út í kæruleysilegt ástarsamband. Samband Ali við ungan son sinn, Sam, er þó þvingað. Ali er sjálfsselskur og virðist eiga í erfiðleikum með að finna sig í föðurhlutverkinu og tengjast syninum.

Schoenaerts, Cotillard og hinn ungi Verdure sýna öll frábæran leik undir leikstjórn Audiard og er það frammistöðu þeirra að þakka að myndin nær því aldrei að verða



FALLEG SAGA Marion Cotillard og Matthias Schoenaerts fara með aðalhlutverkin í frönsku kvikmyndinni Ryð og bein.

væmin eða hallærisleg þó að verið sé að spila með hádramatískar tilfinningar fólks.

Inn í ástarsögu Ali og Stéphanie tvinnast svo aðrar minni sögur; barátta stéttarféлага við auðvaldið, samband Ali við systur sína og mág, hörð lífsbarátta láglaunafólks og samband Ali við son sinn.

NIÐURSTAÐA: Frábærlega vel leikin og hádramatísk mynd sem verður þó aldrei væmin.

Kynlíf er einstök reynsla

Liam Neeson kveðst ekki mundu vilja vera unglingur í dag. Hann telur að samfélagið sé gegnsýrt af klámi og kynlífi og að það hljóti að vera erfitt fyrir unglinga að takast á við þetta áreiti.

„Það er of mikið af upplýsingum um kynferði allt í kringum okkur; í fjölmiðlum, í auglýsingum, einfaldlega alls staðar. Þetta hlýtur að vera ruglingslegt fyrir þau,“ sagði Neeson í nýlegu viðtali.

Hann á unglingssynina Micheál og Daniel með eiginkonu sinni heitinni, leikkonunni Natöshu Richardson. „Kynlíf er mjög, mjög einstök reynsla. Það er fullt af dásemdum og mér þætti leitt ef við kæmumst á þann stað að okkur þætti það ekki einstakt lengur. Tímarnir hafa breyst mikið frá því ég var ungur, það er á hreinu.“



FLÓKIÐ Liam Neeson heldur að það sé flókið að vera unglingur í dag.

Nýtt!

Smakkaðu nýtt Lífskorn, brauðið í græna pokanum. Það inniheldur sólblómafræ og hörfræ. Leyfðu öðrum að smakka líka.



Kynntu þér gæði og hollustu Lífskorns frá Myllunni á myllan.is

Prófaðu nýtt Lífskorn frá Myllunni

Smakkaðu Lífskornið í græna pokanum í dag

Báðar tegundir Lífskorns eru trefjaríkt heilskornabrauð og innihalda hýði, mjölva og kím kornsins sem eru rík af andoxunar- og jurtaefnum og líkamanum því heilnæm. Kaupu Lífskorn í dag. Mundu að umbúðirnar á nýja brauðinu eru grænar.

Báðar tegundirnar af Lífskorni uppfylla skilyrði Skráargatsins fyrir hollustu vörur í sínum flokki. Lífskornið inniheldur prótein, flókin kolvetni og heilnæm plöntuefni. Gerðu eitt-hvað nýtt í dag. Smakkaðu nýja Lífskornið.

Taktu þátt í umræðunni á [facebook.com/Myllubraud](https://www.facebook.com/Myllubraud)



Lífskorn
Sólblómafræ & hörfræ

Lífskorn
Heil hveitikorn & rúgur



Lífskorn Myllunnar uppfyllir öll skilyrði Skráargatsins sem einungis hlotnast hollustu vörum í sínum flokki.

Myllan á netinu

Kíktu á vefsíðuna okkar www.myllan.is. Þar eru upplýsingar um vörurnar okkar. Þar má líka finna heilsustefnuna okkar auk fróðleiks, greina og uppskrifta. Einnig má finna þar greinargóðar upplýsingar um orku- og næringarefni. Myllan er líka á Facebook - láttu þér líka við okkur!

www.myllan.is



SMÁRABÍÓ

The Master
RAUL THOMAS ANDERSON
3 ÓSKARSTILNEFNINGAR

HÁSKÓLABÍÓ

FRANSKA KVÍKMYNDAHÁTIDIN
11. - 24. janúar
OPNUNARMYNDIN
ÁST
RYÐ OG BEIN
2 GOLDEN GLOBE TILNEFNINGAR

LIFE OF PI
11 ÓSKARSTILNEFNINGAR

SILVER LININGS PLAYBOY
8 ÓSKARSTILNEFNINGAR

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR **5%**

THE MASTER KL. 6 - 9 **14**

HVÍTI KÓALABJÖRNINN KL. 4 **L**

THE HOBBIT 3D KL. 4.30 - 6.40 - 8 - 10 **12**

THE HOBBIT 3D LÚXUS KL. 4.30 - 8 **12**

LIFE OF PI 3D KL. 5.15 - 8 - 10.45 **10**

GODSAGNIRNAR FIMM KL. 4 **7**



KÁTIR FÉLAGAR Adam Levine og James Valentine tóku við verðlaunum fyrir hönd Maroon 5, sem var kosin vinsælasta sveitin.



HERRALEGUR Eddie Redmayne var herralegur klæddur að breskum sið.

Verðlaun fyrir vinsældir

People's Choice Awards fóru fram á miðvikudag.

People's Choice-verðlaunin voru afhent á miðvikudag. Verðlaunin eru veitt þeim skemmtikröftum sem almenningi þykir hafa skarað fram úr á einhvern hátt.

Verðlaunin hafa verið veitt árlega frá árinu 1975 og var Barbra Streisand þá kosin vinsælasta leikkona ársins. Verðlaun eru veitt bæði fyrir leik í sjónvarpi og kvikmyndum og fyrir tónlist. Stjörnurnar gengu að venju rauða dregilinn áður en verðlaunaafhendingin fór fram og var hvíti liturinn vinsæll meðal kvenna. Karlarnir kusu aftur á móti vel sniðin jakkaföt.



SKRAUTLEGUR Robert Downey Jr. var vinsælasti leikarinn. Hann klæddist ansi skrautlegum skóm við athöfnina.

mid.is LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

JACK REACHER **THE HOBBIT**

LIFE OF PI

11 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA

SAMBÍÓIN SAMBIO.IS

JACK REACHER **THE IMPOSSIBLE** **THE HOBBIT**

SINISTER **LIFE OF PI** **ARGO**

JACK REACHER KL. 5:20 - 8 - 10:40

THE IMPOSSIBLE KL. 5:30 - 8 - 10:30

THE HOBBIT: UNEXPECTED JOURNEY 3D KL. 5 - 8:30

SINISTER KL. 10:40

ARGO KL. 8 - 10:30

SINISTER KL. 10:20



LITRÍK Emma Watson tók við verðlaununum fyrir vinsælastu dramatísku kvikmynd ársins.

KYNNIR KVÖLDSINS Kaley Cuoco, úr sjónvarpsþáttunum The Big Bang Theory, var kynnir kvöldsins.

HVÍTKLEDD Leikkonan Morena Baccarin úr sjónvarpsþáttunum Homeland var ein af þeim sem kaus hvítt fyrir kvöldið.

VINSÆL Taylor Swift var kosin vinsælasti kántrítónlistarmaður ársins.

LYFJA - Lífið heil

nicorette fruitmint

Lægra verð í Lyfju

+20% afsláttur af Nicorette QuickMist munnholsúða **+15%** afsláttur af öllu Nicorette fruitmint

Gildir út janúar.

BÍÓ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMÍDSTÖÐVAR ISLANDS

ÓSKARSDAGAR: CHICKEN WITH PLUMS, BEASTS OF THE SOUTHERN WILD, ROYAL AFFAIR, SEARCHING FOR SUGAR MAN

MÁNUDAGUR: CHICKEN WITH PLUMS (14) 18:00, 20:00, 22:00

TAKE THIS WALTZ (14) 22:00 **WADJDA (L)** 20:00, 22:00

SAFETY NOT GUARANTEED (L) 18:00 **DJÚPIÐ (L)** (ENG. SUBS.) 20:00

SEARCHING FOR SUGAR MAN (L) 18:00, 22:00

ROYAL AFFAIR (16) 18:00 **BEASTS OF THE SOUTHERN WILD (12)** 20:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELÐRI BORGARA.



Í SJÓNVARPSÞÆTTI Óútgefin lög með Hendrix verða notuð í Hawaii Five-O.

Nýtt efni frá Jimi Hendrix

Enn kemur út nýtt efni frá gítarsmillingnum Jimi Hendrix þrátt fyrir að hann hafi látist fyrir rúmum fjörutíu árum. Sjaldheyrð og óútgefin lög með honum verða spiluð í sjónvarpsþættinum Hawaii Five-O sem verður sýndur í Bandaríkjunum 20. janúar.

Sjö lög verða notuð í þættinum, þar á meðal Bleeding Heart, Mojo Man og Crash Landing. Lögin verða einnig á nýrri plötu Hendrix, People, Hell and Angels, sem kemur út í mars með sjaldheyrðum útgáfum af hinum ýmsu lögum.



HISSA Leikarinn Walton Goggins furðar sig á háreyðingu fólks. NORDICPHOTOS/GETTY

Furðar sig á hárlaysi

Leikarinn Walton Goggins segist sakna þess tíma þegar líkamshár þóttu eðlilegur hlutur. Goggins leikur meðal annars í kvikmyndunum Django Unchained og Lincoln og í sjónvarpsþáttunum Justified.

„Má ég tala um það hversu mikið ég sakna skapahára? Móðir mín var svolítill hippi og ég ólst upp við að sjá skapahár á henni og frænkum mínum. Það er fallett og kvenlegt. Karlmenntu eru líka byrjaðir að fjarlægja líkamshár sín. Hvað er í gangi? Við erum dýr! Þetta er afskaplega undarlegt,“ sagði leikarinn í nýlegu viðtali.



NÝTT LAG Destiny's Child gefur á næstunni út lagið Nuclear. NORDICPHOTOS/GETTY

Gefa út fyrsta lagið í átta ár

Stúlkabandið Destiny's Child gefur á næstunni út nýtt lag, Nuclear, sem verður á safnplötunni Love Songs sem kemur út 29. janúar. „Ég er ótrúlega stolt af því að kynna fyrsta nýja lagið með Destiny's Child í átta ár,“ skrifaði söngkonan Beyoncé á vefsíðu sinni. Pharrell Williams var upptökustjóri lagsins og samdi það einnig með Michelle Williams.

Love Songs verður fyrsta plata hljómsveitarinnar síðan Destiny Fulfilled kom út árið 2004. Á meðal þekktustu laga hennar eru Bootylicious, Survivor og Say My Name.

Reykjavík á topp tíu listanum

CNN segir Reykjavík einn mest spennandi áfangastað ársins. Fjallar sérstaklega um Hörpu.

Reykjavík, Helsinki og Berlín eru á meðal mest spennandi áfangastaða Evrópu árið 2013 ef marka má grein blaðamanns CNN. Í grein Natöshu Dragun útlistar hún tíu staði sem hún telur vert að heimsækja á næsta ári.

Dragun mælir með heimsókn í Hörpuna og segir tónlistarhúsið ákaflega fallett á að líta. „Heimamaðurinn Björk hefur komið fram í hinni glitrandi, glerhjúpudu byggingu með áföstum lituðum LED-renningum,“ skrifar

Dragun og bætir við: „En þó að upplýst tónlistarhúsið sé fallett er fátt fallett en næturhiminninn,“ segir blaðamaðurinn og vísar þar til norðurljósanna. Að hennar sögn er spád einstakri ljósdýrd hér á landi á nýkomnu ári sem og víðar í Norður-Evrópu.

Aðrir staðir sem útlistaðir eru í grein CNN eru Helsinki, franska eyjan Korsíka, Berlín, Amsterdam, Liverpool, Istanbúl, Innsbruck, eyjan Krít og Belfast á Norður-Írlandi.



VINSÆL Blaðamaður CNN mælir með heimsókn til Íslands á nýju ári og fjallar sérstaklega um Hörpuna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



KAMERON BINK ÚR SO YOU THINK YOU CAN DANCE?

AÐALKENNARI ALLA ÖNNINA! GLÆSILEG SÝNING Í LOKIN!

Vönduð danskennsla með fagfólki, sem er fremst í þokki á alþjóðlegum vettvangi - Tryggðu þér pláss! Forskráning hafin og nánari upplýsingar á vorönn sem hefst 14. janúar á Dancecenter.is



ÞÖKKUM DANSGLEÐINA Á LIÐNUM ÁRUM!



DANSGLEÐI með:

REYKJAVÍK
(ÞRÓTTUR)

GARÐABÆR
(ÁSGARÐUR)



skemmtilegri

KÓPAVOGUR
(HK, DIGRANESI)

HAFNARFJÖRÐUR
(FH, KAPLAKRIKA)



Danslið þáttanna kemur sérstaklega á vegum:



FORSKRÁNING HAFIN Á VORÖNN!
TRYGGÐU ÞÉR PLÁSS Á Dancecenter.is

Nánari upplýsingar fást á Dancecenter.is og á facebookgrúbbu DanceCenter RVK. Einnig er hægt að senda tölvupóst á Dancecenter@Dancecenter.is eða hringja í síma 777 3658 hjá DanceCenter Reykjavík.

www.dancecenter.is



A-RÍÐILL

ÚRSLIT		
Pýskaland - Brasilía	33-23 (12-10)	
Argentína - Svartfjallal.	28-26 (13-12)	
Frakkland - Túnis	30-27 (13-14)	
Brasilía - Argentína	24-20 (9-8)	
Túnis - Pýskaland	25-23 (13-13)	
Svartfjallal. - Frakkland	20-32 (11-17)	

STAÐAN

Frakkland	2	2	0	0	62-47	4
Pýskaland	2	1	0	1	56-48	2
Túnis	2	1	0	1	52-53	2
Brasilía	2	1	0	1	47-53	2
Argentína	2	1	0	1	48-50	2
Svartfjallaland	2	0	0	2	46-60	0

B-RÍÐILL

Makedónía - Síle	30-28 (12-10)
Ísland - Rússland	25-30 (13-14)

Mörk Íslands (skot): Guðjón Valur Sigurðsson 7/2 (14/3), Aron Pálmarsson 6 (18), Þórir Ólafsson 5/2 (8/2), Kári Kristján Kristjánsson 3 (4), Snorri Steinn Guðjónsson 2 (6/1), Vignir Svavarsson 1 (2), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (4), Ólafur Gústafsson (1).

Varin skot: Björgvin Páll Gústavsson 12/1 (36/1, 33%), Aron Rafn Eðvarðsson (6/1, 0%).

Hraðauppflaup: 8 (Guðjón Valur 5, Aron 1, Þórir 1, Vignir 1).

Fiskuð víti: 6 (Guðjón Valur 2, Snorri Steinn 2, Vignir 1, Róbert 1).

Utan vallar: 10 mínútur.

Danmörk - Katar	41-27 (19-13)
Síle - Ísland	22-38 (11-18)

Mörk Íslands (skot): Arnór Þór Gunnarsson 7 (11), Guðjón Valur Sigurðsson 6/2 (10/3), Stefán Rafn Sigurmannsson 5 (7), Vignir Svavarsson 4 (5), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (5), Ólafur Gústafsson 4 (7), Snorri Steinn Guðjónsson 3 (5), Fannar Þór Friðgeirsson 2 (2), Aron Pálmarsson 2 (4), Kári Kristján Kristjánsson 1 (1), Ólafur Guðmundsson (1).

Varin skot: Aron Rafn Eðvarðsson 13/2 (23/3, 57%), Björgvin Páll Gústavsson 6/1 (18/3, 33%).

Hraðauppflaup: 15 (Stefán Rafn 4, Arnór Þór 3, Vignir 3, Fannar Þór 2, Guðjón Valur 1, Ásgeir Örn 1, Snorri Steinn 1).

Utan vallar: 10 mínútur.

Katar - Makedónía	30-34 (13-21)
Rússland - Danmörk	27-31 (13-14)

STAÐAN

Danmörk	2	2	0	0	72-58	4
Makedónía	2	2	0	0	64-58	4
Ísland	2	1	0	1	62-52	2
Rússland	2	1	0	1	57-56	2
Katar	2	0	0	2	57-75	0
Síle	2	0	0	2	50-68	0

C-RÍÐILL

Serbía - Suður-Kórea	31-22 (13-9)
Slóvenía - Sáði-Arabía	32-22 (17-15)
Pólland - Hvíta-Rússland	24-22 (14-9)

STAÐAN

Slóvenía	1	1	0	0	32-22	2
Serbía	1	1	0	0	31-22	2
Pólland	1	1	0	0	24-22	2
Hv.-Rússland	1	0	0	1	22-24	0
S-Kórea	1	0	0	1	22-31	0
Sáði-Arabía	1	0	0	1	22-32	0

LEIKIR DAGSINS

14.45 Suður-Kórea - Slóvenía

17.00 Hvíta-Rússland - Serbía

Sýndur á Stöð 2 Sport 3

19.15 Sáði-Arabía - Pólland

D-RÍÐILL

ÚRSLIT		
Króatía - Ástralía	36-13	
Ungverjaland - Egyptaland	32-23	

STAÐAN

Króatía	1	1	0	0	36-13	2
Spánn	1	1	0	0	27-14	2
Ungverjaland	1	1	0	0	32-23	2
Egyptaland	1	0	0	1	23-32	0
Alsír	1	0	0	1	14-27	0
Ástralía	1	0	0	1	13-36	0

LEIKIR DAGSINS

15.45 Alsír - Króatía

18.00 Egyptaland - Spánn

Sýndur á Stöð 2 Sport & HD

20.15 Ástralía - Ungverjaland

Átti ekki von á því að byrja

Arnór Þór Gunnarsson nýtti tækifærið vel í öruggum 38-22 sigri Íslands gegn Síle á HM í handbolta í gær. Strákarnir hristu af sér slenið eftir slæmt tap fyrir Rússlandi á laugardaginn en leikmenn fá frí í dag.

HM 2013 Á SPÁNI

Sigurður Elvar Þórólfsson seth@365.is
Vilhelm Gunnarsson villi@365.is

HANDBOLTI Yngri leikmenn íslenska landsliðsins í handbolta voru í aðalhlutverki í 38-22 sigri liðsins gegn Síle í B-riðli heimsmeistaramótsins í Sevilla á Spáni í gær. Ísland landaði sínum fyrsta sigri á HM en það tók íslenska liðið um 20 mínútur að hrista lið Síle af sér. Aron Kristjánsson, þjálfari íslenska liðsins, nýtti tækifærið og hvíldi lykilmenn fyrir komandi verkefni en hornamaðurinn Arnór Þór Gunnarsson var markahæstur í liði Íslands með alls 7 mörk.

„Ég var að fylgjast með Aroni þjálfara á liðsfundinum og hann var að fara yfir ýmsa hluti þegar hann kom því inn að ég ætti að byrja í hægra horninu. Ég átti alls ekki von á því að byrja en það var ánægjulegt. Það var fiðringur í maganum í kjölfarið og ég hlakkaði til. Byrjunin gekk líka vel, við fórum eftir því sem Aron lagði upp með gegn varnarleiknum hjá Síle og ég náði að skora fljótlega og komast inn í leikinn,“ sagði Arnór Þór Gunnarsson, en hann var markahæsti leikmaður Íslands með alls 7 mörk. Arnór Þór er bróðir Arons Gunnarssonar, fyrirliða íslenska landsliðsins í fótbolta, og fékk hann góðar kveðjur frá bróður sínum fyrir leikinn.

Fylgdist með í Cardiff

„Ég fékk SMS frá Aroni fyrir leikinn; „ég er stoltur af þér og ég hlusta á útvarpslýsinguna“ og það er því allavega einn í Cardiff í Wales að fylgjast með okkur á HM,“ sagði Arnór Þór, sem leikur með Bergischer Handball-Club í næstefstu deild í Þýskalandi – og verður hann liðsfélagi Björgvins Gústavssonar á næstu leiktíð.

Arnór Þór er að leika á sínu fyrsta stórmóti og hann trúir því varla að leikmaður á borð við Guðjón Val Sigurðsson sé nú liðsfélagi hans. „Guðjón Valur var alltaf „kóngurinn“ í mínum huga þegar ég var yngri. Ég leit mikið upp til hans og hann var fyrirmyndin. Það er bara æðislegt að fá tækifæri að spila með þeim. Og þeir



NÝTTI TÆKIFÆRIÐ Arnór Þór Gunnarsson var markahæstur í liði Íslands gegn Síle í gær.

MYND/VILHELM

gera allt sem þeir geta til þess að aðstoða okkur yngri leikmennina – og kenna okkur ýmislegt sem við kunnum ekki eða höfum upplifað áður.“

Ungu strákarnir spreyttu sig

Það var tákun um að ný kynslóð leikmanna er að taka við keflinu hjá íslenska landsliðinu þegar Arnór Þór, Ólafur Guðmundsson, Ólafur Gústafsson, Fannar Friðgeirsson, Stefán Rafn Sigurmannsson og Kári Kristján Kristjánsson stóðu vörnina síðustu mínúturnar. Á meðan sátu þeir eldri og reyndari á bekknum og höfðu

gaman af því sem fyrir augu bar.

Stefán Rafn lék vel og nýtti tækifærið vel í vinstra horninu – enda sjaldgæft að Guðjón Valur Sigurðsson fái að hvíla sig á stórmóti – og sömu sögu er að segja af Ólafi Gústafssyni.

Með hugann við Liverpool

Snorri Steinn Guðjónsson var öflugur og stýrði sóknarleik Íslands af festu. Snorri skoraði alls þrjú mörk úr fimm skotum. Snorri spurði reyndar fyrst um úrslitin í leik Manchester United og Liverpool, sem fram fór á sama tíma og leikurinn gegn Síle.

„Ég hafði eiginlega meiri áhyggjur af þeim leik síðustu mínúturnar,“ sagði Snorri í léttum tón en hann var ekki sáttur við að heyra að Liverpool hafði tapað 2-1 gegn Man Utd. „Það var margt jákvætt í þessum leik hjá okkur, margir sem fengu að spreyta sig, og við náðum að hrista af okkur Rússaleikinn. Við tókum af margar rangar ákvarðanir í sóknarleiknum gegn Rússum, við fengum fullt af færum en nýttum ekki þá möguleika sem voru í boði. Við þurfum að laga slíka hluti fyrir næsta leik gegn Makedóníu,“ sagði Snorri Steinn Guðjónsson.

Ljósunum að kenna að ég klikka

Vignir Svavarsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson áttu góðan leik gegn Síle í gær.

HANDBOLTI Vignir Svavarsson lék vel í 38-22 sigri Íslands gegn Síle, en varnartrólið skoraði alls 4 mörk úr alls 6 tilraunum – öll nema eitt úr hraðauppflaupum. Vignir átti reyndar sendingu sem varð næstum því að marki en boltinn hafnaði í stönginni. „Þetta var sending – ekki skot, bara svo það sé á hreinu,“ sagði Vignir.

„Ungu strákarnir stóðu sig vel, vissulega gerðu þeir mistök eins og við allir, þeir héldu uppi hraðanum í leiknum og það var gaman að fylgjast með þeim. Við þurfum að hvíla okkar lykilmenn í svona löngu móti, og þetta var öruggur sigur og skynsamlega leikið,“ sagði Vignir, en hann er með fína skýringu á því af hverju hann á það til að klikka úr opnum færum eftir hraðauppflaup.

„Yfirleitt er það lýsingin sem blindar mann eða að flass frá ljósmyndara hefur þessi áhrif. Ljósinn truflar þegar ég klikka í dauðafæri – það er bara þannig. Ég er með tvær útgáfur sem ég nota, skrúfa boltann í gólfið eða dúndra bara, og þegar boltinn fer í markið þá er sú útgáfa sú besta,“ sagði Vignir í léttum tón.

Ásgeir Örn Hallgrímsson svaraði fyrir sig á vellinum en hann var alls ekki sáttur við sinn leik gegn Rússum þar sem hann skoraði aðeins 1 mark. Ásgeir var virkilega ákveðinn gegn Síle og skoraði alls 4 mörk úr 5 tilraunum og var valinn maður leiksins af dómnefnd í leikslök.

„Hægri vængurinn er mættur aftur,“ sagði Ásgeir Örn. „Mér fannst mikilvægast að við unnum en ég var staðráðinn í því að gera betur en gegn Rússum án þess



AUKIN ÁBYRGÐ Vignir Svavarsson er í aðalhlutverki í varnarleik Íslands. Hann er einnig drjúgur í hraðauppflaupum.

að vera of eigingjarn. Ungu strákarnir bættu í þegar þeir komu inn – og það þarf að leyfa þessum ungu strákum að spríkla af og til. Makedóníuleikurinn er næst á dagskrá og við þurfum að laga ýmislegt hjá okkur til þess að bæta leik okkar enn frekar,“ sagði Ásgeir Örn.

-seth



FYRIRLIÐINN Guðjón Valur Sigurðsson tók sem fyrirliði ábyrgð á tapinu gegn Rússum.

MYND/VILHELM

Svekkjandi gegn Rússum

HANDBOLTI Ísland byrjaði ekki vel á HM á Spáni þar sem liðið tapaði fyrir Rússlandi, 30-25, í fyrsta leik. Strákarnir voru marki undir í hálfleik en byrjuðu vel eftir hlé og komust þremur mörkum yfir, 19-16.

Þá fór á síga á ógæfuhliðina og Rússarnir kláruðu leikinn með því að skora sjö af síðustu níu mörkum leiksins.

„Við gerðum haug af mistökum og þar fór ég fremstur í flokki. Ég tek þetta á mínar herðar. Ég væri annars ekki að segja þetta. Ég vil gera meiri og betri hluti en ég gerði í dag,“ sagði Guðjón Valur.

-esá



Dagskrá HM 2013

16.55 Hvíta-Rússland - Serbía

17.50 Egyptaland - Spánn
Sport 3

21.00 HM-samantekt

ÁFRAM ÍSLAND

LEIKURINN ER HÆFINN



**ÞÚ FÆRÐ HM TREYJUNA
OG HM BOLTANN HJÁ OKKUR.**

*Fáðu aðstoð við valið á réttu íþróttavörunum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörunar sem það selur.*

ÚTILÍF

ÚRSPLIT HELGARINNAR

MANCHESTER UNITED	2					
LIVERPOOL	1					
1-0 Robin van Persie (19.), 2-0 Nemanja Vidic (54.), 2-1 Daniel Sturridge (57.)						
ARSENAL	0					
MANCHESTER CITY	2					
0-1 James Milner (21.), 0-2 Edin Dzeko (32.)						
QPR	0					
TOTTENHAM	0					
ASTON VILLA	0					
SOUTHAMPTON	1					
0-1 Rickie Lambert, víti (34.)						
EVERTON	0					
SWANSEA	0					
FULHAM	1					
WIGAN	1					
1-0 Giorgios Karagounis (22.), 1-1 Franco Di Santo (71.)						
NORWICH	0					
NEWCASTLE	0					
READING	3					
WEST BROM	2					
0-1 Romelu Lukaku (19.), 0-2 Romelu Lukaku (69.), 1-2 Jimmy Kebe (82.), 2-2 Adam Le Fondre, víti (88.), 3-2 Pavel Pogrebnyak (90.)						
STOKE	0					
CHELSEA	4					
0-1 Sjálfsmark (45.), 0-2 Sjálfsmark (63.), 0-3 Frank Lampard, víti (65.), 0-4 Eden Hazard (73.)						
SUNDERLAND	3					
WEST HAM	0					
1-0 Sebastian Larsson (12.), 2-0 Adam Johnson (48.), 3-0 James McClean (74.)						
Staðan						
Man.Utd.	22	18	1	3	56:29	55
Man.City	22	14	6	2	43:19	48
Chelsea	21	12	5	4	43:19	41
Tottenham	22	12	4	6	39:27	40
Everton	22	9	10	3	35:26	37
Arsenal	21	9	7	5	40:24	34
W.B.A.	22	10	3	9	31:30	33
Liverpool	22	8	7	7	35:28	31
Swansea	22	7	9	6	31:26	30
Stoke	22	6	11	5	21:24	29
WestHam	21	7	5	9	24:27	26
Norwich	22	6	8	8	24:34	26
Fulham	22	6	7	9	33:38	25
Sunderland	22	6	7	9	24:29	25
Southampton	21	5	6	10	28:38	21
Newcastle	22	5	6	11	27:39	21
Wigan	22	5	4	13	23:40	19
Aston Villa	22	4	7	11	17:42	19
Reading	22	3	7	12	26:42	16
Q.P.R.	22	2	8	12	17:36	14

27 ára grýla Man. City á enda

Manchester United sigraði Liverpool og meistaramir í Manchester City lögðu Arsenal í stórleikjum helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni. Munurinn á erkifjendunum í eltingaleiknum um titilinn er áfram sjö stig.

FÓTBOLTI Englandsmeistarar Manchester City unnu loks úti-sigur á Arsenal eftir rúmlega 27 ára þriggja stiga þurrð í Norður-London. City hafði auk þess ekki skorað á Emirates síðan 2007 en leikmenn liðsins fengu óskabyrjun.

Laurent Koscielny, miðverði Arsenal, var vikið af velli strax á 10. mínútu fyrir brot á Edin Dzeko innan teigs. Bosníumaðurinn klúðraði reyndar vítaspyrnuinni en það kom ekki að sök. Drauma-mark James Milner kom City á bragðið og Dzeko bætti fyrir mistökin með marki eftir hálf tíma. Leikurinn úti.

„Við byrjuðum leikinn vel með góðu viðhorfi en brottvísunin gerði gæfumuninn,“ sagði Roberto Mancini, stjóri City. Stuðningsmenn liðsins gátu í fyrsta sinn, frá 3-2 útisigri á Arsenal árið 1975, farið brosandí heim til Manchester með stigin þrjú í farartekinu.

„Við gáfum tvö ódýr mörk og hefði okkur tekist að halda leiknum markalausum, manni færri, er aldrei að vita hver niðurstaðan hefði verið,“ sagði Arsene Wenger stjóri Arsenal.

Heitustu framherjar deildarinnar, Robin van Persie og Luis Suarez, leiddu saman hesta sína í risaslag Manchester United og Liverpool. Hollendingurinn kom heimamönnum yfir á 19. mínútu með 17. marki sínu í deildinni á tímabilinu. Þegar Nemanja Vidic skoraði á 54. mínútu virtist sigurinn í húsi. Varamaðurinn Daniel Sturridge minnkaði muninn skömmu síðar en markið



RAUTT SPJALD Laurent Koscielny togar Edin Dzeko niður í vítateig Arsenal. Frakkinn sá rautt og Arsenal sá aldrei til sólar með tíu menn gegn ellefu. NORDICPHOTOS/GETTY

gjörbreytt gangi leiksins. United missti tröllatak sitt og Liverpool gekk á lagið. Sem betur fer fyrir liðsmenn Sir Alex Ferguson kom það ekki að sök.

„Mér fannst við spila vel og þetta var líklega ein besta frammistaða okkar í langan tíma,“ sagði Ferguson. Óvissa ríkti um tíma hvort síðara mark United yrði skráð á Vidic eða Evra.

„Vidic yrði níttjándi leikmaður okkar til þess að skora í ár þannig að ég gef honum markið,“ sagði Skotinn og sló á léttu strengi.

Brendan Rogers, stjóri Liverpool, var þokkalega sáttur við sína menn.

„Það munar 24 stigum á Manchester United og okkur í töflunni en það er ekki gæðamunurinn á liðunum. Þetta snýst um breiddina og eftir því sem við stoppum í götin færumst við nær þeim. Vonandi næst það á næstu árum.“

Gylfi Þór Sigurðsson spilaði síðustu tíu mínúturnar í Lundúnaslag QPR og Tottenham. Gestirnir höfðu yfirburði í leiknum en Julio Cesar kom í veg fyrir að Spurs nældi í stigin þrjú.

Jonathan Walters, framherji Stoke, stal senunni í 4-0 tapi á heimavelli gegn Chelsea. Framherjinn skoraði tvö fyrstu mörk leiksins með því að senda knöttinn í eigið net. Aður en yfir lauk bar hann ábyrgð á fyrstu tunglferð ársins þegar vítaspyrna hans small í þverslánni og fór þaðan langt yfir mark Chelsea. Írskættaði Engldingurinn hefur átt betri daga.

kolbeintumi@365.is

23rd IHF MEN'S
WORLD CHAMPIONSHIP

HANDBALL

2013

SPORT HD

Á MORGUN KL. 16.55

ÍSLAND Makedónía

MIDVIKUDAG KL. 19.10

ÍSLAND DANMÖRK

**FÁÐU ÞÉR
ÁSKRIFT
Í SÍMA 512 5100
EÐA Á STOD2.IS**

#HM2013

vís Arion banki VALITOR ICELANDAIR

FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

Við óskum Bílson til hamingju með nýja verkstæðið að Kletthálsi 9




DURA
Workshop Systems
Verkfæraskápar

Maschinenbau
Halderwang
MAHA
Bílalyftur og hemlaprófarar

Bílson
Klettháls 9. | 110 Reykavík

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is



Stöð 2 kl. 21.35
Red Riding – 1980

Það er komið að öðrum hluta þríleiksins Red Riding á Stöð 2. Þessi saga gerist árið 1980 og morðinginn hefur skilið eftir sig blóðuga slóð í sex ár. Reyndur lögreglumaður er sendur til Jórvíkurskírís til að annast rannsókn málsins. Þriðji og síðasti hluti þríleiksins er á dagskrá mánudaginn 21. janúar.

Í KVÖLD



Kitchen Nightmares

SKJÁR 1 KL. 20.40 Matreiðslumaðurinn sem allir elska að hata, Gordon Ramsay, fer um Bandaríkin og heimsækir veitingastaði sem eru í vanda því enginn vill borða þar. Hann sannfærir eigendur staðanna um að gefa sér eina viku til að gera staðina eftirsóttá.

METACRITIC **IMDb**
66/100 6,9



Covert Affairs

STÖÐ 2 KL. 20.55 Í þætti kvöldsins reynir Annie að finna út hver er að leka leyndarmálum NASA í Kólumbíumenn. Auggie tekur stöðu-hækkuninni sem honum var boðin en staðgengill hans á erfitt með að feta í fótspor hans í gamla starfinu.

METACRITIC **IMDb**
64/100 7,2



Parks and Recreation

SKJÁR 1 KL. 20.15 Amy Poehler leikur Leslie sem vinur á bæjar-skrifstofunni í Pawnee. Hún hefur nú ákveðið að fara í framboð til setu í bæjarstjórn Pawnee og hefur fundið sér kosningastjóra, en ekki gengur allt sem skyldi. Ben leitar sér að vinnu í einkabransanum.

METACRITIC **IMDb**
59/100 8,5

RÁS 1

FM 92,4/93,5

06.36 Bæn 06.39 Morgunþáttur Rásar 1 06.40 Veðurfregni 07.00 Fréttir 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Morgunfréttir 08.05 Morgunstund með KK 09.00 Fréttir 09.05 Okkar á milli 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregni 10.13 Stefnumót 11.00 Fréttir 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.02 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfregni 12.50 Dánarfregni 13.00 Hringisól 14.00 Fréttir 14.03 Orð um bækur 15.00 Fréttir 15.03 Útvarpssagan: Nafnlausir vegir 15.25 Fólki og fræði 16.00 Síðdegisfréttir 16.05 Bak við stjórnurnar 17.00 Fréttir 17.03 Víðsjá 18.00 Spegillinn 18.50 Veðurfregni 18.53 Dánarfregni 19.00 Endurómur úr Evrópu 20.00 Leynifélagið 20.30 Okkar á milli 21.10 Orð 22.00 Fréttir 22.05 Veðurfregni 22.10 Orð kvöldsins 22.15 Samfélagið 22.30 Alþingi 00.00 Fréttir 00.05 Næturútlit Rásar 1

RÚV

- 15.30 Silfur Egils (e)
- 16.50 Landinn (e)
- 17.20 Sveitasæla
- 17.31 Spurt og sprellað
- 17.38 Töfrahnötturinn
- 17.51 Angelo ræður
- 17.59 Kapteinn Karl
- 18.12 Grettir
- 18.15 Táknafréttir
- 18.25 Doktor Ása (4:8) (Dr. Ása II) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veðurfregni
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Sporbraut jarðar (1:3) (Orbit - Earth's Extraordinary Journey) Heimildamyndaflokkur frá BBC þar sem Kate Humble og dr. Helen Czerski kanna samhengið á milli sporbrautar jarðar og veðurfars.
- 21.15 Hefnd (5:22) (Revenge) Bandarísk þáttaröð um Amöndu Clarke sem sneri aftur til The Hamptons undir dulnefninu Emily Thorne með það eina markmiði að hefna sín á þeim sem sundruðu fjölskyldu hennar.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfregni
- 22.20 Íslenski boltinn Sínt úr leikjum á Íslandsmóti karla og kvenna í handbolta og körfubolta.
- 22.55 Millennium – Karlar sem hata konur (2:6) (Millennium) (e) Sænsk þáttaröð byggð á sögum Stieg Larsson um hörkutólið Lisbeth Salander og blaðamanninn Mikael Blomkvist. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
- 00.25 Kastljós (e)
- 00.55 Fréttir
- 01.05 Dagskrárlok

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle (6:22)
- 08.30 Ellen (73:170)
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors (60:175)
- 10.15 Wipeout USA (14:18)
- 11.00 Drop Dead Diva (11:13)
- 11.45 Falcon Crest (23:29)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 American Idol (36:39) (37:39)
- 15.10 ET Weekend
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2
- 16.50 Bold and the Beautiful
- 17.10 Nágrannar
- 17.35 Ellen (74:170)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 The Big Bang Theory (23:23)
- 19.45 The Middle (14:24)
- 20.10 Glee (10:22) Fjórða þáttaröðin um metnaðarfulla kennara og nemendur í menntaskóla sem skipa sönghóp skólans og leggja allt í sölnurnar til að gera flottar sýningar. Tónlistin er alltaf í forgrunni auk þess sem við fylgjumst með hinum ólíku nemendum vaxa og þroskast í sönglistinni.
- 20.55 Covert Affairs (5:16) Önnur þáttaröðin um Annie Walker sem var nýliði hjá CIA og enn í þjálfun þegar hún var skyndilega kölluð til starfa. Hún talar sjö tungumál reiprennandi en er alls ekki tilbúin til að fást við þær hættur sem starfinu fylgja. Hennar nánustu mega ekki vita við hvað hún starfar og halda að hún hafi fengið vinnu á Smithsonian-safninu.
- 21.40 Red Riding – 1980 Annar hluti af æsispennandi og mögnuðum þríleik sem byggður er á sönnum sögum,
- 23.15 Modern Family (5:24)
- 23.40 How I Met Your Mother (4:24)
- 00.10 Chuck (11:13)
- 00.55 Burn Notice (9:18)
- 01.40 The League (1:6)
- 02.05 Right at Your Door
- 03.40 The Tiger's Tail
- 05.10 Covert Affairs (5:16)
- 05.55 Fréttir og Ísland í dag

SPORT besta sætið

- 07.00 Spænski boltinn: Malaga - Barcelona
- 13.05 HM. Svartfjallaland - Frakkland A-riðill
- 14.30 HM 2013: Rússland - Danmörk B-riðill
- 15.55 HM 2013: Chile - Ísland B-riðill
- 17.20 HM í handbolta - samantekt Guðjón Guðmundsson fer yfir leikina á HM í handbolta.
- 17.50 HM 2013: Egyptaland - Spánn BEINT frá leik í D-riðli.
- 19.30 HM 2013: Hvíta Rússland - Serbía C-riðill
- 21.00 HM í handbolta - samantekt
- 21.30 Spænsku mörkin
- 22.00 HM 2013: Egyptaland - Spánn D-riðill
- 23.25 HM 2013: Hvíta Rússland - Serbía C-riðill
- 00.50 HM í handbolta - samantekt

SPORT 2 enski boltinn

- 07.00 Arsenal - Man. City
- 16.00 Fulham - Wigan
- 17.40 Sunnudagsmessa
- 18.55 Premier League Review Show
- 19.50 PL Classic Matches: Man. United - Middlesbrough, 1996
- 20.20 QPR - Tottenham
- 22.00 Premier League Review Show
- 23.00 Football League Show 2012/13
- 23.30 Man. Utd - Liverpool

krakkar

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.25 Svampur Sveinsson
- 08.45 Doddi litli og Eyrnastór
- 09.00 UKI
- 09.10 Elías
- 09.20 Strumparnir
- 09.45 Latibær (17:18)
- 10.10 Ofurhundurinn Krypto
- 10.35 Histeria!
- 11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími
- 17.00 Villingarnir
- 17.20 Ofurhetjusérsveitin
- 17.45 M.I. High

POP TÍM

- 17.05 Simpson-fjölskyldan (20:22)
- 17.30 ET Weekend
- 18.15 Gossip Girl (24:25) Dramatíkin er ótæpileg hjá ríku krökkunum á Manhattan og áhyggjur þeirra snúast fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.
- 19.00 Friends (18:23) Monica hópar genginu saman í að kaupa lottómiða og þau láta sér dreyma um hvað þau myndu gera við sinn hluta ef þau ynnu. Chandler er að bíða eftir svari við nýrri vinnu og Rachel heldur að Emma sé um það bil að fara að segja fyrsta orðið sitt.
- 19.25 How I Met Your Mother (13:24)
- 19.50 Simpson-fjölskyldan
- 20.15 Holidate (1:10)
- 21.00 Hart of Dixie (19:22) Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábær þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.
- 21.40 The O.C. (4:25) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós. Þriðja þáttaröð.
- 22.25 Holidate (1:10)
- 23.10 Hart of Dixie (19:22)
- 23.50 The O.C. (4:25)
- 00.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Dr. Phil (e)
- 09.30 Pepsi MAX tónlist
- 16.35 Rachael Ray
- 17.20 Dr. Phil
- 18.05 Upstairs Downstairs (1:6) (e)
- 18.55 America's Funniest Home Videos (42:48) (e)
- 19.20 Hæ Gosi (4:6) (e)
- 19.50 Will & Grace (7:24) (e)
- 20.15 Parks and Recreation (10:22) Gamansería með Amy Poehler í aðalhlutverk.
- 20.40 Kitchen Nightmares (12:17)
- 21.30 Málið (2:6) Sölvi kannar í þessum þætti þann skelfilega heim sem barnaníðingar lifa í og hrærast. Hann eignir fyrir þá gildru og kemur upp um þá og nær viðtali við einn þeirra.
- 22.00 CSI (2:22) CSI eru einir vinsælustu þættir frá upphafi á SkjáEinum. Ted Danson er í hlutverki Russel yfirmanns rannsóknardeildarinnar í Las Vegas. Rannsóknardeildin fer á upphaldsmatsólustaðinn sinn en þeim til mikillar skelfingar ganga þau fram á vettvang óhugnanlegs glæps.
- 22.50 CSI (12:23) Fyrsta þáttaröð um Gil Grissom og félagar hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Las Vegas.
- 23.30 Law & Order: Special Victims Unit (19:24) (e)
- 00.20 The Bachelor (9:12) (e)
- 01.50 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

- 06.00 ESPN America 08.25 Sony Open 2013 (4:4) 11.55 Golfing World 12.45 THE PLAYERS Official Film 2011 (1:1) 13.35 Sony Open 2013 (4:4) 17.05 PGA Tour - Highlights (1:45) 18.00 Golfing World 18.50 Sony Open 2013 (4:4) 22.00 Golfing World 22.50 US Open 2000 - Official Film 23.50 ESPN America

INN

- 20:00 Ung á öllum aldri
- 20:30 Allt um golf
- 21:00 Frumkvöðlar
- 21:30 Eldhús meistaranna

- ÚTVARP FM 88,5 XA-Radíó FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957 FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan FM 99,4 Útlit Saga
- FM 100,5 Kaninn FM 102,2 Útlit Latibær
- FM 102,9 Lindin FM 105,5 Útlit Boðun

EKKI MISSA AF NEINU

595 6000

www.skjareinn.is

MÁLIÐ – Í KVÖLD KL. 21:30

Sölvi afhjúpar barnaníðinga

SKJÁREINN

Sony Center

www.sonycenter.is



12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN*

 <p>119.990.- SPARADU 50.000.-</p> <p>GLÆSILEGT HÁGÆÐASJÓNVARP 32" LED SJÓNVARP KDL32EX653</p> <ul style="list-style-type: none"> • Full HD 1280 x 1080 punktar • Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi • EDGE LED baklýsing • Stafrænn móttakari <p>Tilboð 119.990.- Verð áður 169.990.-</p>	 <p>159.990.- SPARADU 20.000.-</p> <p>ÖRÞUNNT OG FLOTT 42" MOTIONFLOW SJÓNVARP KDL42EX443</p> <ul style="list-style-type: none"> • Full HD 1920 x 1080 punktar • Motionflow X-Reality myndvinnslukerfi • Dynamic EDGE LED baklýsing • Opera netvafrí innbyggður <p>Tilboð 159.990.- Verð áður 179.990.-</p>	 <p>19.990.- SPARADU 10.000.-</p> <p>EIN GÓÐ MEÐ CARL ZEISS LINSU DSCW550</p> <ul style="list-style-type: none"> • 14,1 megapixla Exmor flaga • 3" skjár • HD Movie • Sweep Panorama <p>Tilboð 19.990.- Verð áður 29.990.-</p>	 <p>119.990.- SPARADU 30.000.-</p> <p>MAGNAÐ MEISTARAVERK SLTA57 18-55KIT</p> <ul style="list-style-type: none"> • 16,1 megapixla Exmor flaga • 3" LCD "Xtrafine Trueblack" skjár • Full HD videotaka með Auto Focus • Sweep Panorama 2D og 3D <p>Tilboð 119.990.- Verð áður 149.990.-</p>
 <p>89.990.- SPARADU 30.000.-</p> <p>FLOTT VAIO Á FRÁBÆRU VERÐI VAIO SVE1511A1EW 15,5"</p> <ul style="list-style-type: none"> • Intel Pentium örgjörvi • 15,5" Flat LED skjár • 4GB innra minni, 500GB diskur • Playstation 3 samhæfing <p>Tilboð 89.990.- Verð áður 119.990.-</p>	 <p>119.990.- SPARADU 50.000.-</p> <p>FARTÖLVA SEM TEKIÐ ER EFTIR VAIO SVE14A1S1EP 14"</p> <ul style="list-style-type: none"> • Intel Core i3 örgjörvi • 14" Flat LED skjár • 4GB innra minni, 500GB diskur • Fæst í bleiku, svörtu og hvítu <p>Tilboð 119.990.- Verð áður 169.990.-</p>	 <p>26.990.- SPARADU 13.000.-</p> <p>KRAFTMIKIL IPOD/IPHONE DOKKA RDPX30IP</p> <ul style="list-style-type: none"> • Frábær hljómgeði 2 x 10W • Tónjafnari; Rock, Pop, Vocal, Flat • Fjarstýring fylgir • Glæsileg hönnun <p>Tilboð 26.990.- Verð áður 39.990.-</p>	 <p>12.990.- SPARADU 12.000.-</p> <p>FRÁBÆR VIDEO WALKMAN Í RÆKTINA NWZE4538B</p> <ul style="list-style-type: none"> • 4GB minni - allt að 1000 lög • 15 klst í video, 50 klst spilun • Qvga LCD skjár • Fm útvarpsmóttakari, 30 stöðva minni <p>Tilboð 12.990.- Verð áður 24.990.-</p>

MÁNUDAGSLAGIÐ



„Ég kenni leikfimi á hverjum morgni og nota lagið Footloose með Kenny Loggins til að koma öllum í stuð.“

Edda Hermannsdóttir, blaðamaður á Viðskiptablaðinu og spyrill í Gettu betur.

Tökur á Vonarstræti í febrúar

Undirbúningur er í fullum gangi fyrir nýjustu kvikmynd Baldvins Z.

Tökur á kvikmyndinni Vonarstræti hefjast á höfuðborgarsvæðinu um miðjan febrúar. „Þetta er allt á milljón í augnablikinu,“ segir leikstjórinn Baldvin Z um undirbúning myndarinnar. Tökunum á Íslandi á að ljúka fyrir páska og eftir það verður eitthvað efni tekið upp erlendis.

Í stærstu hlutverkum verða Hera Hilmarsdóttir, Þorvaldur Davíð Kristjánsson og Þorsteinn Bachmann. Í smærri hlutverkum verða Edduverðlaunahafinn

Theódór Júlíusson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, Elma Lís Gunnarsdóttir, Björn Hlynur Haraldsson, Sveinn Ólafur Gunnarsson og fleiri. Í bland við þessi þekktari nöfn verða ný andlit, þar á meðal Anna Lís Hermansdóttir, sem lék unglínginn í sjónvarpsþáttunum Pressu.

„Við erum að byrja æfingar og það var samlestur fyrir tveimur dögum. Það var gaman að sjá leikarana og setja andlit á karakterana. Þetta gekk mjög

vel,“ segir Baldvin, sem er að vinna með sama hópi og gerði með honum Óróa, hans fyrstu mynd. Hún fékk mjög góðar viðtökur hér á landi og þótti sérlega gott byrjendaverk.

„Þetta er í stuttu máli opinská samtímasaga sem er stútfull af góðum húmor þótt dramatísk sé,“ segir hann um söguþráð Vonarstrætis.

Stefnt er á frumsýningu öðru hvoru megin við næstu áramót.

- fb

UNDIRBÝR VONARSTRÆTI Tökur eru að hefjast á nýjustu mynd Baldvins Z, Vonarstræti. Theódór Júlíusson fer með hlutverk í henni.



Sin Fang með Flowers

Priðja breiðskífa Sin Fang kemur út 1. febrúar.

Tónlistarmaðurinn Sin Fang sendir frá sér sína þriðju plötu 1. febrúar. Hún heitir Flowers og er gefin út af þýska útgáfufélaginu Morr Music á geisladiski og vinyllplötu.

Flowers var framleidd í samstarfi við Alex Somers, sem hefur áður tekið upp tónlist með kærasta sínum Jónsa, Sigur Rós, Úlfi, Pascal Pinon og fleirum. Fyrsta lag plötunnar sem fær að hljóma í útvarpinu er Young Boys.

Sin Fang er hugarústur Sindra Más Sigfússonar og hefur áður gefið út tvær breiðskífur.



NÝ PLATA Sin Fang sendir frá sér plötuna Flowers á næstunni.

MYND/INGIBJÖRG BIRGISDÓTTIR

Gæti keppt í Ungfrú heimi fyrir Filippseyjar

Ásdís Lís Karlsdóttir keppir við skandinavískar stúlkur af filippseyskum uppruna.

„Sigurvegarinn fer í framhaldinu í nokkrar aðrar keppnir og gæti endað á því að taka þátt í Ungfrú heimi fyrir hönd Filippseyja, svo það er mikið í húfi,“ segir fyrirsetan Ásdís Lís Karlsdóttir. Hún heldur til Noregs í byrjun næsta mánaðar til að taka þátt í keppninni Mutya ng Scandinavia, sem er ein af mörgum undankeppnum Ungfrú Filippseyja, í þessu tilfelli fyrir skandinavískar stelpur af filippseyskum uppruna. Svipaðar keppnir eru síðan haldnar víðs vegar um heiminn.

Þetta er í fyrsta sinn sem íslensk stúlka tekur þátt í keppninni og berst Ásdís um titilinn við tólf aðrar. Sigurvegaranum býðst í framhaldinu að taka þátt í alls kyns fegurðarsamkeppnum í Asíu og víðar.

Ásdís Lís hefur búið á Íslandi alla tíð en móðir hennar er frá Filippseyjum og faðir hennar er íslenskur. „Mamma og pabbi bentu mér á þessa keppni en þau eru búsett í Noregi. Ég sendi tölvupóst og fékk upplýsingar um hana en spáði svo ekkert meira í þessu fyrir en núna í byrjun janúar þegar aðstandendur filippseyska samfélagsins á Íslandi höfðu samband við mig,“ segir hún.

Þetta verður í fyrsta skipti sem Ásdís Lís tekur þátt í fegurðarsamkeppni, þótt henni hafi nokkrum sinnum staðið það til boða hér heima á Íslandi. „Mér hefur aldrei þótt það spennandi áður og frekar viljað einbeita mér að fyrirsætu-bransanum,“ segir hún, en fyrirsetuferill hennar hófst þegar hún var tólf ára gömul.

Ásdís útskrifaðist með stúdentspróf síðastliðið vor og starfar nú í Bláa lóninu. „Ég kláraði stúdentsinn ári fyrir því ég var í Hraðbraut í tvö ár og kláraði svo smotterið



FYRIRSÆTA FRÁ TÓLF ÁRA ALDRI Ásdís Lís segist aldrei hafa þótt spennandi að taka þátt í fegurðarsamkeppni áður. Frekar hafi hún viljað einbeita sér að fyrirsætu-bransanum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

sem ég átti eftir í Fjölbrautaskólann í Breiðholti,“ segir hún.

Dó að Ásdís Lís sé að stíga sín fyrstu skref í heimi fegurðarsamkeppna getur hún treyst á leiðsögn frá kærastanum sínum, Ólafi Geir Jónssyni, sem var krýndur Herra

Ísland árið 2005. Hann var síðar sviptur titlinum en hefur þó ekki ráðið kærustunni frá því að feta þessa slóð. „Hann styður mig alveg í því sem ég vil gera,“ segir hún og hlær.

tinnaros@frettabladid.is

SÚR HVALUR

HROGN & LIFUR

**HARÐFISKUR
AÐ VESTAN**

Kúlaður steinbitur, barin og óbarin ýsa.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Gítarnámskeið

Skráning er hafin

Einkatímar

40 mín. tímar 1x í viku | 12 vikur

Fyrir byrjendur jafnt sem lengra komna á öllum aldri.

Skráning í síma 581 1281

gitaraskoli@gitaraskoli.is

UKULELE

www.gitaraskoli.is



Gaman að horfa á gömlu karlana

Sýningin Ég var einu sinni frægur hefur fallið vel í kramið á Akureyri.

Sýningin Ég var einu sinni frægur hefur gengið mjög vel á Akureyri síðan hún var frumsýnd í nóvember. Uppselt hefur verið á fimmtán sýningar og til stendur að fara með verkið í minni bæjarfélög og hugsanlega einnig til Reykjavíkur.

„Við ætlum að vera út janúar á Akureyri. Svo erum við að gæla við framhaldið. Við sjáum hvað setur,“ segir leikstjórinn og einn höfundanna, Jón Gunnar Þórðarson. „Þetta er búið að spyrjast vel og skemmtilega út og fólk er greinilega spennat fyrir því að sjá Þráinn, Alla og Gest saman,“ segir Jón Gunnar.

Akureyringarnir Þráinn Karlsson, Gestur Einar Jónsson og Aðalsteinn Bergdal eru í aðalhlutverkum. „Þeir voru eiginlega allir hættir að leika. Svo talaði ég við þá og þá vantaði alla eitt „grand finale“ þar sem þeir gera upp ferilinn sinn,“ segir Jón Gunnar. „Í fyrstu átti þetta að vera svolítið alvarlegt en svo fórum við að tala saman og þeir voru allir að rifast um hvað hver hafði gert og þeir mundu ekkert almennilega hvað hver hafði leikið. Sýningin fjallar um það, gamla, geðilla, bitra leikara. Svo er þetta létt og skemmtilegt í anda Grumpy Old Men [kvikmyndarinnar].

Sýningarnar eru í Ketilhúsinu á Akureyri, sem



Í AÐALHLUTVERKUM Þráinn Karlsson, Gestur Einar Jónsson og Aðalsteinn Bergdal eru í aðalhlutverkum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

hefur verið breytt í leikhús. „Þarna er setið til borðs, með bar og léttu stemningu. Það virðist falla í kramið. Fólk getur fengið sér bjór og notið þess að horfa á gömlu karlana.“

- fb

LAGERSALA Á ÚTIVISTAR- & VETRARFATNAÐI

ALLT AÐ AFSLÁTTUR 80%



Dömu primaloft úlpa
Verð nú kr. 26.990
Verð áður kr. 39.990



Herra skíðajakki
Verð nú kr. 19.990
Verð áður kr. 39.990



Barna útigalli
St. 68-92
Verð nú kr. 10.990
Verð áður kr. 16.990



Dömu/herra hanskar
Verð nú kr. 3.990
Verð áður kr. 6.990



Dömu/herra dúnlúffur
Verð nú kr. 6.990
Verð áður kr. 15.990



Dömu/herra húfa
Verð nú kr. 4.990
Verð áður kr. 8.990

OPNUNARTÍMI

Mánudagur
Þriðjudagur

14. janúar
15. janúar

kl. 12:00 - 20:00
kl. 12:00 - 20:00

Mikið úrval af vetrarfátnaði, útivistarfátnaði
og mörgu fleiru.

Lagersala - Nýbýlavegi 18 (Dalbrekkumegin) - Kópavogi



ZO·ON
ICELAND

www.zo-on.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Bjart í Kjósinni

Frambjóðendur í efstu sætum á lista Bjartrar framtíðar hittust í Kjósinni um helgina og ræddu ýmis mál ásamt því að hlýða á fyrirlestra. Freyja Haraldsdóttir, Jón Gnarr, Heiða Kristín Helgadóttir, Árni Múli Jónasson, Brynhildur Pétursdóttir, Eldar Ástþórsson og Óttarr Proppé voru í frambjóðendahópnum sem mætti á svæðið og var það í höndum þingmannanna Róberts Marshall og Guðmundar Steingrímssonar að halda uppi stuði á kvöldin. Stemningin var gríðarlega góð eins og samskiptamiðlar sýndu, en flokksmeðlimir voru duglegir að taka myndir og birta á hinum ýmsu vefsíðum. - sm



Fjölmennt á opnun

Tvær listasýningar voru opnaðar í Hafnarborg um helgina. Ný innsetning eftir Björk Viggósdóttur var opnuð á efri hæð safnsins og sýning á teikningum eftir Ingólf Arnarsson í Sverrissal. Fjöldi fólks sótti opnunina, þar á meðal fatahönnuðurinn Mundi og listafólkið Erling Klingenberg, Ragnar Kjartansson og Eirún Sigurðardóttir, meðlimur Gjörníngaklúbbsins. Hjálmar H. Ragnarsson, rektor Listaháskóla Íslands, var einnig viðstaddur sýninguna. - sm



Mest lesið

- 1 Hringdi 200 sinnum í Neyðarlínuna
- 2 Jón Ásgeir fjárfestir fyrir hundruð milljóna á Bretlandi
- 3 Þetta var almennilegt parti
- 4 Annar flugdólgur í vél Icelandair
- 5 Neyðarástandi lýst yfir í New York-fylki

STÓR ÚTSALA!

ÚTSALA

BEKKJUNNAR

30-60%

AFSLÁTTUR!

IMATRESS XS1
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 471.138 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
296.817 kr.
= 37% AFSLÁTTUR!
ÞÚ SPARAR 174.321 kr.

iMattress
The cooler side of sleep.

HEILSUKODDAR
20-30%
AFSLÁTTUR!

50% AFSLÁTTUR

CREAM
Queen Size rúm (153x203 cm)
FULLT VERÐ 175.398 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
87.699 kr.

HANDKLÆDI OG SÆNGURFÖT
40% AFSLÁTTUR

GREY
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 299.900 kr.

ÚTSÖLUVERÐ
149.950 kr.

50% AFSLÁTTUR

rekkjan

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið